nú svo lúin næring fá,
er næsta fæstir rækja.

14.

Akt hann lagt hjá fólki fær,
fátæks sátur hafði nær,³⁴
dæmdur ræmdur dygðabær
dóttur átti eina;
Gótýr bjó í geðinu skær,
glæðast næðu ástir þær,
sveina hreina' að sækja mær
sendir³⁵ bendir fleina.

15.

Snar kom þar sem snauður bjó,
snúðugt knúði foldar ló,
vinnur finna vatn þann dró,
vitur ritið sendi;
bréf úr hnefa brýtur mjó,
boðar skoða' í flýti³⁶ þó;
hinn um sinni hendi sló,
heit og leit erindi.

16.

Möglar öglis móa grér,
mikið pykir neita hér,
krankan þanka' í brjósti ber,
brögð ef³⁷ lögð í væri;
hann ef svanna heim með fer,
hún muni núna tekin af sér,
börnin þörnun³⁸ bíði ver,
bjarga' ei margir færi.

17.

Brá við sá er boðin fékk,
beimur heim með svanna gekk,
svinnur inni sat í bekk,
sóar Gótýr mæði;
kvaddi hadda þöllin þekk
þannig hann með kærleiks⁴⁰ smekk,
viður sniðugan rausnar rekk
ræddu⁴¹ og snæddu bæði.

18.

Bera' upp gerir bónorð fljótt,
birtir hirtinn ástarprótt,
höldu völd á⁴² heyrði drótt
hátt og fátt til lagði;
faðirinn kvað það lýti ljótt,
lindið bindist aura mjótt
við hans sniðuga veldis gnótt
vélna spélina⁴³ sagði.

19.

Alvara fala ekki' er þín
eiga mega dóttur mín,
trú' eg sú með tötrin sín⁴⁴
tign ei vigni þinni.
Greifinn hreifir girnd sé brýn,
að góins móa festi lín,
þar til svari feðgin 'fin⁴⁵,
farnað gjarna vinni.

20.

Skilur til við skyfra mey,
skyldi gildum móti ei
láta kát um lyndis þey
lipur skipan sinni.
Heitir teitum hringa Frey
hlýða blíðum,⁴⁶ já og nei,
hvað í stað hann sér til sei,⁴⁷
sú sé fús að vinni.⁴⁸

21.

Vildi hildur gulls á grið
gengi engi lagði við,
veldis héldu settan sið,
svo sem kosið mundi ;
lengjast⁴⁹ engin brúðkaups bið,
bráðast þáðu krúsar mið,
bifuðu drif um borgar hlið
bornir horna sundi.⁵⁰

22.

Fer nú hér sem frá er sagt,
frú er búin klæða dragt,
ötuð⁵¹ fötin af fær lagt,
eflist reifa nauma ;
hófið prófast hent og spakt,
hjónum þjónar veldis makt,
sveinar hreinir ólu af akt
önn fyrir könnu⁵² strauma.

23.

Veizlu greiðslu⁵³ þegar þraut,
þegnar gegnir héldu' á braut ;
Gótfyr bjó og blíðu naut
borða' og skorðan fríða ;
fóstur bjóst með falda laut,
fæða' í mæðu meybarn hlaut ;
mærin fær við móður skaut
mjúka hjúkrun líða.

24.

Þekkur gekk í sængur sal
svanna þann, er barnið al,⁵⁴
fyrri kyrrum hét sú hal
hót ei móti láta ;
hreifinn greifinn hóf svo tal :
Hér ei vera mærin skal,
arfur þarf ei aura val
annan kanna máta.

25.

Mínir finir frændur að
fundu, sprundið, þín eg bað,
mektugt slektið⁵⁵ mitt hver kvað
miður liðinn snauða ;
hlýtur lítil þú fyrir það
pellan pella ung í stað
breiðum sneiðast benja nað
og bíða⁵⁶ síðan dauða.

26.

Þagði hin sagða seima lind,
særðan hrærði Fenju⁵⁷ vind,
ljóst í brjósti' um kendi kind,
kveið, að deyða skyldi ;
vakrir taka⁵⁸ meyjar mynd,
meintu hreint en enga synd ;
bekkir ekki af⁵⁹ brúna strind
boguðu toga hildi.

27.

Fjáður ráðið sæmra sá,
en selja' í helju barnkind smá,
systur vistar sinni hjá
sunnunni unnar hlíði ;
hin ei skynja hér um má,
hulin dulin meinti ná ;
hretið lét ei hrygðar sjá ;
harmur varmur flyði.

28.

Leynt, er greint, svo færi fljóð
flúða búða valdi glóð
ftri býtir auðar slóð,
sem ól upp sólu tvinna ;
fagur hagr fullvel stóð ;
færum vér nú þangað óð,
kætir⁶⁰ strætin hyggju hljóð
hreifin greifans kvinna.

29.

Annað þannig enn til bar,
ólétt sólin tvinna var
fríð og síðan fæðir þar
fagurlagaðan arfa ;
greifinn bleif við sama svar
Sviðris⁶¹ niðjan deyði snar ;⁶²
annars kann með álna far
ætt frá hætta' að starfa.

30.

Eins fór sveins um allan þátt
og áður tjáð⁶³ um menja gátt,⁶⁴
sendir kvendi í sömu átt
siðugur niðjan unga ;
fregn af þegni fló ei hátt,
fríð og blíð sér léku dátt
börnin gjörn á menta mátt,
myndug hrinda þunga.

31.

Vizku systkin vöndust þá,
vildu snildar menta gá,
föður⁶⁵ glöðum systir sá
sóma frómra barna ;
vexti tekst þeim vel að ná,
voru skorin klæði smá
rétt til sett með⁶⁶ rauð og blá
rósuð ljósi tjarna.

32.

Tíð svo líður, til eg vík,
tign ei hnignar greifans rík,
Viðris⁶⁷ pyðu⁶⁸ varma brík
við í þriðja tíma
minnugur innir málin slík,
mist sé vist og orma sík,⁶⁹
laka taki farfa sík,
frá nú á að rýma.⁷⁰

33.

Rétt ásetta skikkun sker :
Skila vil eg aptur þér,
en fjáð í náðum festa mér
fjórð af góðu slekti ;
fínir mínir frændur hér
fróðir bjóða þessi ker,⁷¹
má ei stá í móti þver,
mannvit annars hnekti.

34.

Tötra fötin forn og hrjáð
fékk hin þekka menja láð,
⁷² skartið artugt skyldi' afmáð
og skarlat⁷³ falleg klæði ;
leið það heiðin tvinna tjáð
tára sárum ekki þjáð,
tér af sér við tjörgu ráð
trygð óbrigðul stæði.

35.

Ristill gisti rauna vað,
ritju⁷⁴ titjum gengur⁷⁵ að,
hirtin skyrtu hann um bað
hlakkar stakka lína ;
valdur⁷⁶ skjalda vífi það
veitti greitt og já við kvað ;
fjórðið góða fór af stað,
fátækt játar sína.

36.

Svinn þá kvinna föður fann,
fyldi og skildi við sinn mann,
þótti hljótt um hyggju rann,
hafnar jafnan kæti ;
hógværð nógrí hrósa kann,
hulin dulum⁷⁷ fornum ann
heima þeim sem hún í spann,
hélt á velti mæti.

37.

Enn nú renna æfiskeið,
allvel fallinn greifinn beið
þar til skartar gipting greið
glöð í öðru sinni ;
verði erfin á þá leið,
að ektist⁷⁸ mektug þorna heið ;
þannig hann til þeirrar reið,
því nú týnir hinni.

38.

Fékk hann brekku falda skjótt,
fjórðið, bróðir og önnur drótt
heim nam beimi fylgja fjótt ;
fagnað magna vildu ;
var ei þar með virðum hljótt,
vinið sýnir kæti þrótt ;
drekka rekkar dag og nótt
draup af staupi fyldu.

39.

Minna og inna má til þess,
mót er Gótyr boðaði hress;
vinum skynugur valdi sess;
veitir sveitum hýrum;
sætin mætust sérhvers gests
sáust há⁷⁹ í vargi flets,
hringar kring með Hafla vers
haldi' að tjaldi dýru.

40.

Skorðuð borðin skorin og fríð,
skartar artug⁸⁰ listasmíð,
dúkar mjúkir, drakonshlíð
dregnir, vegnum⁸¹ sóma;
skál er máluð,⁸² fötin fríð,
fansinn kransa pénti lýð,
könnur,⁸³ önnur kerin fríð
klár úr báru ljóma.

41.

Það í staðinn kæmi kyr
kvinnan svinn, er átti fyr,
vildi skyldi vakta hyr
og veita heita rétti;
sjá⁸⁴ um háan brullaups byr,
bera kerin inn um dyr;
ýtri nýtri eptir spyr,
því alt óhalt hún setti.

42.

Inn kom svinn í elda rann,
allvel fallinn saum þann,
ráða náði boði' og bann,
⁸⁵bjó til þó sem henti;
líneik fína leit sinn mann,
leikarar reika' í kringum hann;
skorðan borða skoða kann
skrúð, er brúður spenti.

43.

Sér þú, tér við seima hrund,
sjálegt á mitt festarsprund,
víst⁸⁶ hvað lízt í vizku grund
vil eg dyljir eigi.
Já, hún tjáir járna pund,
jómfrúr blóm með hæga⁸⁷ lund
held eg í veldis hæfum mund
heyra geira sveigi.⁸⁸

44.

Reyn ei hreina hringa nipt,
hér sem þér skal vera⁸⁹ gipt,
meins til neins og mín var skript,
mætti' eg hættum raunum;
síðan stríðri⁹⁰ sök mun ypt,
sinnis inni⁹¹ fær um skipt,
frá þér þá mun konunni kipt,
þú komir að sömu launum.

45.

Strindi linda stukku tár;
stræta gætir vætti brár,
lagði um sagða lista hár
líneik sína arma;
kysti ristil⁹² klæða hnár,
kynnir svinnri alt sem stár,
farnað barna farin ár
fékk hún ekki að harma.

46.

Skenkjarinn penkir skikkun á,
skrúða þrúði'⁹³ er þannig sá
standa randa stýri⁹⁴ hjá,
starsýnn⁹⁵ þar að gáði;
leit hinn⁹⁶ teiti ljós var brá
lík og píkan þeirri' að sjá
ýtri nýtri auðar gná,⁹⁷
sem⁹⁸ angrið stranga þjáði.⁹⁹

47.

Sveini hreinum satt fær¹⁰⁰ téð
svinnur hinn, hvað¹⁰¹ hafði skeð,
hvörnin börnin fóru' og féð
sem flóða glóða heiði;
fríð og blíð þau fengu séð
föður móður sína með;
öll í höllu glöddu geð
og grátin láta' í eiði.

48.

Göfuga lofa gullhlaðs¹⁰² hrund
gestir mest á þeirri stund,
þar hún bar með poluga lund
þraut, er¹⁰³ hlaut að reyna;
annan svanna að elska mund
aldrei halda¹⁰⁴ jafnt við sprund,
víkja' á slíka vella hrund
vinni' ei finna neina.

49.

Hann það sanna sjálfur var,
siðugur¹⁰⁶ biður listasnar
hreina sveina Hafla svar
henni' um ennið þræða ;
þannig hrannar bríma¹⁰⁶ bar
borða skorð til fordildar ;
allir hallar innan þar
undrast tundrið flæða.

50.

Brúður skrúða beztan fær,
búnað lónum af sér slær,
öll á föllum skikkjan skær
skín af Rínar glæði;
gekk á bekk með virðing vær,
víkur rík¹⁰⁷ frá henni mær,
móðir¹⁰⁸ jóðin kendi kær
og kysti lystug bæði.

51.

Drekka rekkar dýrri makt ;
dans¹⁰⁹ ei stansar fólkið spakt ;
rómur góma rennur sagt
rétt í settan máta ;
meðan¹¹⁰ gleður málið vakt,
mann hver annan tekur í akt,
flest hið bezta fram er lagt,
fengur strengir láta.

52.

Svíar gígjan sinnu kyl,
sorgir¹¹¹ organs hljóða skil,
sítur¹¹² mýtur sungu¹¹³ spil,
simphon gleður og harpa ;
bæta kæti trumbur til,
trómet hljóma þeim í vil ;
stundu undir stoðir og þil ;
stríði lýðir varpa.

53.

Hófið prófast¹¹⁴ heiðarlegt ;
hróður stóð af slíku frekt ;
sáttir dátt með sið og spekt
sátu kátir lengi.
Veizlu greiðslu¹¹⁵ var svo hnekt,
að virðing yrði hvergi knekt ;
háfar¹¹⁶ gáfur heiðurs mekt
hyggið piggur mengi.

54.

Gótyr bjó með Grísillá,
getur betur enginn þá,
hjónin fróni untust á,
æru fær að valda ;
trega vegum tekin þrá
trygða¹¹⁷ dygðum aldrei brá ;
frægða nægð og fingra snjá
fengu lengi halda.

55.

Hrósi ljósu pénti það,
þæg í hægum geðlagnað¹¹⁸
snótin móti aldrei að
ýfin kífa náði,¹¹⁹
hvað sem maður kær ákvað,
kvinnan gryn timer harma það,
hvítungs ýtum veitti vað,
vel svo pellan gáði.

56.

Vann nú mann, er vitni bar,
veglega még að sæma þar¹²⁰
sauðum¹²¹ hauðri sjáfar skar
sá nú á að ráða ;
áður fjáður ekki þar
ýkja ríkur gerður var ;
þannig sannast þolugt far
preyr til meiri náða.

57.

Þó að ói þrautin sett,
þreyða neyð af verður létt,
sízt þá lízt um sinnis stétt,
sút mun þrútin dvína ;
trygða dygð þér temjir slétt,
týr gulls skýr svo háan rétt
sorgar korgi fær af flett
og fægir hagina¹²² pína.

58.

Ljóða hróður leiðast má
lengur mengi að hlýða á,
brag þó laga bið eg þá,
betur hann setja næði ;
orðin skorðuð eru fá,
alin talin fór á ská,
heitið veit eg hermir sá
háttinn átti' í kvæði.

NOTES. ¹) AB have wrongly the title: 'Kvæði af Gríshildi polinmöðu'; B adds the author's name. ²) fjáð er B. ³) hentug B. ⁴) B adds: er. ⁵) bendt B. ⁶) gelmers A; gemlers B. ⁷) haga A. ⁸) Atrix AB; Atríðs byrði? ⁹) bjóða A. ¹⁰) finnur A. ¹¹) þar B. ¹²) hrygð B. ¹³) Afmors B. ¹⁴) þreyir A. ¹⁵) falda B. ¹⁶) standa tingir A. ¹⁷) upp stygnir A. ¹⁸) fjáður B. ¹⁹) þöllu B. ²⁰) téð A. ²¹) B adds: og. ²²) beima B. ²³) sunnar AB. ²⁴) að B. ²⁵) vellan B. ²⁶) Hærer vær A; hær er nær B. ²⁷) þann A. ²⁸) valla A. ²⁹) ókyrr B. ³⁰) þann við hann nú endir A. ³¹) bréfin B. ³²) brautir B. ³³) vola B. ³⁴) vær A. ³⁵) senda A. ³⁶) skoða flýti B; skoða í flýti A. ³⁷) eru B. ³⁸) þörfun B. ³⁹) B adds: því. ⁴⁰) kæti B. ⁴¹) ræddi B. ⁴²) völda A. ⁴³) spélni B. ⁴⁴) tófran fin A. ⁴⁵) fýn A; frýn? ⁴⁶) blíður A. ⁴⁷) seig B. ⁴⁸) vinna A. ⁴⁹) löng voru B. ⁵⁰) sundir AB. ⁵¹) ótír B. ⁵²) kvinnu B. ⁵³) greiðsla B. ⁵⁴) = ól. ⁵⁵) slekti B. ⁵⁶) blíða AB. ⁵⁷) Indistinct in B, but seems to be: Freiju. ⁵⁸) tæki A. ⁵⁹) í B. ⁶⁰) kæti A. ⁶¹) Sviðriks AB. ⁶²) skar A. ⁶³) téð AB. ⁶⁴) gnátt A. ⁶⁵) föðurs AB. ⁶⁶) sem B. ⁶⁷) Viðriks B; Viðrix A. ⁶⁸) þýða B. ⁶⁹) slíjk A. ⁷⁰) frá á pá að ríma B. ⁷¹) kjör B. ⁷²) B adds: en. ⁷³) skallass A. ⁷⁴) rituð B. ⁷⁵) lítur B. ⁷⁶) veldur AB. ⁷⁷) dulin A. ⁷⁸) ektast A. ⁷⁹) hjá A. ⁸⁰) artugt B. ⁸¹) þegnum B. ⁸²) máleð A. ⁸³) B adds: og. ⁸⁴) ná A. ⁸⁵) B adds: og. ⁸⁶) víf A. ⁸⁷) haga A. ⁸⁸) sveigir AB. ⁸⁹) vera þér skal A. ⁹⁰) stríðir A. ⁹¹) omitted in A. ⁹²) ristill AB. ⁹³) þrúðir A. ⁹⁴) stýrir AB. ⁹⁵) starsýn A. ⁹⁶) hann A. ⁹⁷) ná A. ⁹⁸) er B. ⁹⁹) stanga náði A. ¹⁰⁰) var A. ¹⁰¹) sem A. ¹⁰²) gullass A. ¹⁰³) þrautir A. ¹⁰⁴) haldið B. ¹⁰⁵) siður A. ¹⁰⁶) brímann B. ¹⁰⁷) ríkuð B. ¹⁰⁸) móð er A. ¹⁰⁹) dansa B. ¹¹⁰) mjöðurinn B. ¹¹¹) sorg er A. ¹¹²) sýtur A. ¹¹³) söngva B. ¹¹⁴) prófað A. ¹¹⁵) greiðslan B. ¹¹⁶) háfur B. ¹¹⁷) trygð og B. ¹¹⁸) í hægu geði kvað B. ¹¹⁹) Here ends B. ¹²⁰) = mjög. ¹²¹) sic. ¹²²) hægina MS.

Æfintýr af einum hertoga, er kallast Valtari.

Hér hefst æfintýr af einum hertoga, er bæði var vænn og merkur, stór og sterkur, auðugur að góssi og gördum. Hann var voldugur og vinsæll, svo honum unnu allir hugástum og vildu allir gjarnan sitja og standa eptir hans skipan og vilja. Þessi hertogi hét Valtari. Hann kunni allar þær ípróttir,¹ sem einn kóngsson máttu þrýða. Hann var vænn og manna² vitrastur og forsjáll til allra hluta. Hann var ókvongaður maður, og þar fyrir fékk hann opt stórar ávítur af sínum vinum og frændum og öllu ríkisins ráði. Og sem svo hafði lengi gengið, poldi hann ei lengur þetta ámaeli. Því skipar hann eina ágæta veizlu með hinum mestu tilföngum, sem fást máttu í því landi, og kvað það sitt brúðkaup vera skyldi. Þetta undraði alla, því enginn vissi hann neina brúði eiga né nokkurn tíma sér brúðkaups³ leitað hafa. Fleiri menn koma við þessa sögu. Hertoginn átti eina systur. Hennar hafði fengið einn greifi. Hann hélt eina ágæta borg nokkuð⁴ fjarlægja þessu ríki. Þau voru bæði vitur og vel að sér um alla hluti. Í þeim stað, sem hertoginn sat, bjó einn fátækur maður Janiculus að nafni. Hann var einn fjárhirðir, og átti eina ágæta dóttur, sem var allra kvenna fríðust í öllum þeim löndum, sem menn höfðu spurt af. Hún var svo búin að mentum og viti, að enginn kóngs eður hertoga dóttir þurfti fyrir henni að ganga að neinum kvennmanna ípróttum. Hennar leituðu allir þeir menn, sem nokkur vandamál höfðu, til heillra og hollra ráða.

Hérmeð var hún svo vinsæl, að allir unnu henni hugástum. Hún geymdi hjarðar föður síns og forstöð alt í hans húsi og veitti honum þar alla þjónustu og hafði þar umgengni að, svo þar mátti vel hver herra og höfðingi inn ganga. Svo skeði einhvern tíma, að herra Valtari reið að skemta sér. Hann sá Gressile⁸ frú og leit hann ástaraugum til hennar, og unni henni af öllu sínu hjarta, þó hann kynni þar um enginn að merkja.

Nú er þar til að taka, sem herra Valtari býzt til brúðkaups síns; lætur hann smíða allra handa drotningar skróða með silki og [flugéli, damasko⁶ og guðvef og allra handa purpura, hérmeð djásn og silfurlinda með hinum dýrsta hætti. Nú er sá tími kemur, að það kvöld, sem brúðkaupið skyldi vera að morgni, komu allir hinir voldugustu höfðingjar og hoffólk með sínum jómförum, og voru þar af hans ráðum þeir, sem hertoginn hafði þangað boðið til síns boðs; undruðust nú allir, að enginn hafði af neinni brúði að segja og enginn vissi heldur neitt af hans ásetningi.

Um morguninn lætur hann búa sinn hest með mörgu hoffólki, frúm og jómförum, síðan á bak stígandi með öllum þessum skara. En sem þessi skrautlegi flokkur kemur nú fram á strætið, skundar fólkið út í sérhverjar dyr og glugga að skemta augum sínum. En sem hin ágæta frú Gressilis⁷ verður þess vís, biður hún sinn föður orlofs að ganga út og sjá síns herra brúður sem allir aðrir. Hann gefur henni orlof. Hún tekur eina fötu og vill sækja vatn áður en hún gengur út; hefur hún nú prýtt síns föður hús eptir vanda. Eptir það fer hún til brunsins og skundar ferðinni aptur á leið; og er hún kom að síns föður húsi, þá kemur herra Valtari á móti henni með öllu sínu hoffólki. Hún heilsar honum hæversklega. Hann tekur hennar kveðju blíðlega hana aðspyrjandi, hvort hennar faðir heima væri. Hún sagði já. [Hann sagði:⁹ 'Seg honum, eg bið hann út ganga til mín.' Hún gerir svo. Janiculus kemur út og heilsar honum. Herra Valtari tók því vel. Hertoginn leiðir hann afsíðis svo segjandi: 'Janiculus, þér vil eg kunngera, að þína dóttir Gressilem vil eg fá mér til eiginkvinnu, ef það er guðs vilji og þinn.' Janiculus verður bljúgur við þessi orð og þagnar um stund, en um síðir segir hann: 'Herra, alt hvað yðar vilji er, skal minn vera; göngum við og heyrum, hvað jómförúin segir til.' Nú ganga þeir inn í herbergið; hún situr í sínu sæti vel og sæmilega búin; öll hennar umgengni þótti honum hin⁹ hæversklegasta. Hún undrast svoddan gesti þar komna; stendur nú þegar upp í móti þeim með mikilli hæversku þeim til sæmilegra sæta vísandi. Sem herra Valtari hefur nú setið um stund, tekur hann svo til máls og segir: 'Frú Gressile,¹⁰ vita skaltu, að þíns föður dyr hef eg ei forgefins troðið, því er það mitt erindi að biðja þín mér til handa, ef það er þinn vilji; af þínum föður hef eg jáyrði fengið, og vil eg nú heyra þín svör.' Hún þegir um litla stund, síðan svo til orða takandi: 'Herra, þó þetta væri þinn vilji og fullkomin alvara, þá veit eg mig ei maklega að stíga í yðar sæng eður taka minni hendi í yðar fat og sitja við yðar borð; en væri mér ekki hamingjan svo afhörfin, að þetta væri yðar fullur vilji, þá væri eg ekki svo fávís, að eg mundi svoddan hindra eður þeim heiðri neita með míns föður¹¹ ráði.' [Hertoginn segir¹²: 'Þér segið vel, frú, og talið viturlega sem yðar er og vísa; en það vil eg tilskilja, að þér segið aldrei nei við því, er eg vil vera láta, né fyrir því þykja, hvað eg vil

í frammi hafa.' Frúin sagði: 'Kæri herra, það er gamalt máltæki, að betri sé raun góð en sterk lofun, og mun eg viðleita yðar vilja að fullgera eptir fremsta megni.' Hér uppá tóku þau þrjú höndum saman um það mál. Eptir þetta lætur hertoginn kalla í þetta herbergi frúr og jómfrúr að klæða hana öllum drotningar skróða og draga henni á hendur og arma marga ágæta gullhringa, hið dýrasta djásn henni síðan á höfuð setjandi. Síðan var hún útleidd, og upp á vænsta hvítan hest sett; hennar allur reiðskapur var gulli fagaður og vænstu gimsteinum settur. Undrast nú allir með hverju móti hann hefur þar svo fríða og fagra jómfrú forvarað. Síðan talar hertoginn til als lýðsins: 'Þjónið og látið eins að þessari minni festarmey sem sjálfum mér.' Ríður hertoginn nú heim í sinn kastala með sinni jómfrú og hofsfólki. [Síðan sezt hann í hásæti með sinni frú og boðsfólki;¹³ hefst nú brúðkaupið með miklum prís, með allra handa gleði og tilföngum, sem fást máttu; stóð þetta hóf fullan mánuð. Síðan var hver og einn útleiddur með góðum gjöfum og allra handa gersimum, þar með hver og einn heim til sín ríðandi.

Situr nú hertoginn í kyrðum og hin góða frú Gressilis¹⁴; stjórnar hún svo um alla hluti er henni bezt í hag falla, svo allir undrast hennar fyrirsjón, svo hún hefur margra höfðingja óvild og reiði [sökum sinnar fyrirsjónar; hér fyrir¹⁵ fékk hún svo mikinn heiður og sóma, vináttu og lofstír af sínu heimafólki, að enginn mátti hennar mein vita eður í móti mæla; og er ei lengi áður en hún er með barni, og þar kemur, að hún fæðir hið fegursta meybarn, svo enginn þóttist annað fríðara séð hafa; [tekst nú vel um hennar hagi; liggur hún nú á sinni barnsæng.¹⁶ Hér tekur hertoginn Valtari að freista sinnar frúr Gressilis,¹⁷ og sem hún liggur á sinni barnsæng, gengur herra Valtari til hennar segjandi: 'Kæra frú, þér vitið¹⁸ vel, hversu þér komuð¹⁹ á minn fund, og svo vil eg þér kunngera, að allir mínir frændur og vinir veita mér stórt ámæli sakir þess, eg hef bundið mér eina fjárhirðis dóttur til eiginkonu, og þar fyrir vilja þeir með engu móti vera þínu barni undirgefuir, nær erfðin kann til þess að falla; því er það mín fyrirhyggja að sjá ráð fyrir þessu okkar barni, svo að eg heyri eigi lengur þetta ámæli.' Frúin segir með allri blíðu: 'Minn herra, alt hvað yðar vilji er, skal og minn vilji; það er yðar, [þar fyrir²⁰ megi þér gera af yðar eign það þér viljið og yður líkar.' Gengur hann þá út svo búinn í burtu, undrandi hennar andsvar og polinmæði. Síðan sendir hann sinn skósvein og segir honum til als síns trúnaðar um alt sitt fýrsagt efni. Gengur hann nú til frúarinnar og kemur í hennar herbergi og segir: 'Kæra frú, minn herra hefur boðið mér að taka yðar barn frá yður og sjá fyrir því.' Hún sagði: 'Kæri son, hvað minn herra hefur þér boðið, það ger þú, því aldrei byrjar mér því móti að mæla, sem hann vill vera láta. Hún tekur barnið og leggur á sitt brjóst, kyssir það og klappar því; síðan gerir hún kross fyrir barninu og fær sveininum [svo segjandi²¹: 'Bið eg þig, kæri son, að þú látir hvorki fugla loptsins né dýr jarðarinnar neyta þessa eðla blóðs.' Síðan gengur hann til síns herra með barnið. Hertoginn sendir hann þegar á laun til síns herra mágs greifans og sinnar systur. Líða nú fram stundir, að herra Valtari finnur enga misþóknun á frúnni, heldur er hún með allri blíðu við sinn herra og alla aðra út í frá, og forstendur alt hið bezta um alla hluti.

Líður nú annað árið og þarf ei til fjölyrða að færa, að hún verður með öðru barni ólétt, og fæðir í hæfilegan tíma hið fegursta sveinbarn; tókst allt vel um hennar hagi og liggur hún nú sína barnsæng. Og nú freistar herra Valtari sinnar frúr í annað sinn. Og sem hún liggur á sinni sæng, gengur herra Valtari til hennar. Hún fagnar honum vel með mikilli blíðu eptir vanda. Hann setur mjög hljóðan. Hún spyr, hverju það gegni. Hann svarar: 'Alt er sem fyr háttað mínu efni eður erindi; mínir frændur og vinir veita mér stórt ámæli, að það barn skuli til þess uppalast, að þeir séu því undirgefni, fyrir sakir þíns fátæksdóms; því vil eg í stað farga enn nú þessu okkar barni sem hinu fyrri.' Hin góða frú Gressilis²² andvarpar mæðilega, en þó um síðir svaraði hún blíðlega sínum herra: 'Áður hef eg sagt yður, að alt, hvað mitt er, það er yðar, þar fyrir megi þér gera af yðar það þér viljið.' Herra Valtari undrast hennar polinmæði og stöðugleika með allri hennar kvennþrýði, víkjandi sér burt frá henni með leynilegum harmi og trega, sínum þénara²³ alt sem fyr frá öllu segjandi [og befaði, að²⁴ hann skuli taka sveininn frá sinni móður. Sveinninn fer og fram kemur í frúarinnar herbergi, svo til orða takandi: 'Mín frú', sagði hann, 'minn herra sendi mig að taka yðart barn og sjá fyrir því.' Hún sagði: 'Alt hvað minn herra hefur þér boðið, það hið sama ger þú.' Hún tekur barnið og leggur það til sinna brjósta, kyssir það og klappar því með fögru faðmlagi, gerandi kross fyrir því og fær svo sveininum, segjandi: 'Þess bið eg þig, kæri vin, að þú látir hvorki fugla loptsins né dýr jarðarinnar neyta þessa eðla blóðs.' Sveinninn kemur til síns herra og sagði honum hennar andsvar. Hertoginn undrast hennar polinmæði og lætur sveininn til systur sinnar, en herra Valtari finnur enga misþóknun á henni; er hún með allri blíðu við hann og alla aðra. Undrast nú allir hennar polinmæði og stöðugleika. Herra Valtari fær miklar ávitur af allri sinni hirð og ráðaneyti.

Ekki²⁵ lætur herra Valtari af að freista sinnar frúr. Og sem nú hefur svo lengi framfarið, gerir herra Valtari út skip og menn með miklum farkosti og lætur sem hann sendi þá til að fá leyfi hjá páfanum að skilja sig við sína frú, en fá aptur aðra, sem honum er jafnbörin. Og sem sveinarnir²⁶ höfðu svo lengi í burtu verið, að þeir máttu hafa tíma á fund páfans, koma þeir aptur og láta sem þeim hafi alt vel gengið. Herra Valtari læzt nú vera sem alglaðastur, gangandi nú til sinnar frúr Gressilis.²⁷ Hún tekur honum vel og með allri blíðu, og ei finnur hann á henni nokkra misþóknun. Þá segir hann: 'Eg hef fengið leyfisbréf af herra páfanum að skilja mig við þig, en fá mér aptur aðra drotning og hafa ei lengur þessar átölur, sem eg hef hingað til átt að líða. Því máttu fara heim aptur til þíns föður með þann klæðnað, sem þú stendur í.' Frúin segir: 'Minnt herra, alla stund vissi eg mig ei maklega að sitja við yðar matborð eður stíga í yðar sæng; skal eg því gjarna þetta og alt annað gera með yðar vilja, en klæðnað vil eg engan hafa, utan ef þér viljið unna mér eins nærserks, því eg kom klæðfá á yðar fund; vil eg og svo í burtu fara; hef eg nóg yfirleti haft hér á yðar garði, hvers eg var aldrei makleg.' Herra Valtari undraðist hennar frábæra polinmæði með öllum hennar viturlegu andsvörum. Hin góða frú Gressilis²⁸ býr sig nú til þessarar ferðar og kveður nú hvern mann ríkan sem fátækan.

Allur borgarlfjður fær hér af mikinn harm og segir, að Valtari fái hér af meira ámæli og baktal en frá megi segja. Síðan gengur hin hæverska frú Gressilis²⁸ að sínum herra með allri blíðu og lífllæti, auðmjúklega honum þakkandi. Allir undrast hennar kvennþrýði og polinmæði. Víkur hertoginn frá henni með leynilegum harmi. Gengur frúin nú heim aptur til síns föður. Hann fagnar henni vel, svo til máls takandi: 'Vissa eg fyrir, dóttir mín, þá eg við þig skildi, að þú mundir þaðan útskúfuð og rekin vera.' Hún segir: 'Eigi skyldu þér svo mæla, minn kæri faðir, eða mundi þér²⁹ ei hafa þótt miklu varða, hvort hann hefði haft mig í svoddan heiðri eina litla stund, því heldur heil 12 ár? hvað eg þakka mínum guði, og er eg nú glöð, að eg er svo aptur komin að mínum eignum. Hertoganum hefur ekki neitt við mig þótt eður hans heiðarlega hoffólki.' Gleðst hennar faðir nú við þessar fortölur.

Þar tekur nú til máls, að Valtari býzt öðru sinni við brúðkaupi, sendir á greifans fund og sinnar systur, að koma með brúðina til brúðkaupsins, og er nú komin senn brúðkaupsstefnan. Herra Valtari býður til sín Gressilis³⁰ og biður hana til sín koma. Hún kemur í stað og heilsar sínum herra með allri blíðu. Hann segir: 'Kæra frú, nú bið eg þig, að þú viljir standa frammi fyrir mínu brúðkaupi og sjá fyrir öllum hlutum, einkum að þéna³⁰ minni brúði.' Hún segir: 'Alt, hvað þér mér tilsegið, skal eg gera.' Hún tekur nú um að sjá og þykir öllum snild á hennar umgengni. Býður hertoginn enn sem fyr öllu stórmenni um alt landið þangað. En sem að brúðkaupsdagurinn var kominn, ríður herra Valtari út á móti sínum kæra mági, sinni systur og öllu föruneysi. Frú Gressilis³⁰ gengur út með frúm og jómrúm móti brúðinni, og er nú þessi skrautlegi skari innleiddur með miklum prís og heiðri í höllina. Sest nú þessi hertogi Valtari í sitt háseti og setur hjá sér sína ungu brúði og hennar kæra bróður hjá henni, en greifann og hans frú svo á aðra hönd sér.³¹ Tókst nú hin fegursta veizla. Er þessa ungu brúði að sjá, að hún beri af öllum bæði fegurð og þrýði; þykjast engir líkari frú séð hafa bæði að vöxt og yfirlitum en frú Gressilis³² og hina ungu frú. Sömu leiðis er að segja af þeim unga herra hennar bróður. Sem menn sitja í svoddan heiðri, lætur nú herra Valtari kalla fyrir sig frú Gressilis.³² Hún kemur í stað, gengur fyrir borðið; gleðjast nú allir við hennar tilkomu. Herra Valtari hefur sitt mál upp: 'Frú', segir hann, 'hversu lízt yður á þessa mína festarmey?' Hún segir: 'Svo lízt mér á hana sem yður hæfir, og varla mun önnur slík finnast, en þess bið eg, að þér freistið ekki hennar sem hinnar fyrri, því kanske hún sé með meira eptirlæti uppalin en hin fyrri, og máske hún megi ekki svo mikið af bera; en guð gefi yður nú lengra og meira yndi að henni verða en hinni fyrri, með ljúfum og löngum lífdögum þar með vel að njóta til als fagnaðar.' Nú undrast allur lýður berlega,³² svo enginn gat vatni haldið, en tárin hrynja ofan eptir hertoganum sjálfum, hver svo til orða tók: 'Ráð er, mín góða frú, að freista yðar ekki lengur, því nú er það mín trú, að yður muni engin jöfn finnast í öllum heiminum að allri kvennþrýði, og segi eg yður, að þessi brúður, sem hjá mér situr, og hennar bróðir, þau eru eru þín og mín eigin börn.' Gengur hann þá strax undan borðum, takandi hana í fang sér með mikilli blíðu og henni bjóðandi alt það, er hún hafði fyr með öllum

heiðri. Hér með tekur hún sín börn með miklum fögnuði. En við þessi tíðindi verður fólkið alúðlega glatt, og er nú frú Gressilis²⁸ framleidd í sínum bezta búnaði, farandi síðan aptur til síns herbergis, og sitja svo bæði saman í mikilli gleði og fögnuði. Er þá drukkið fagnaðaröl hið fegursta. Stendur hófið í næsta²⁸ mánuð. Síðan var²⁴ hver og einn útleiddur með fögrum fégjöfum. Situr herra Valtari og frú Gressilis²⁸ í sínu ríki með miklum heiðri og sóma, og sínum börnum eptir sig til ríkis haldandi. Hefur þessi góða frú Gressilis²⁸ forpris og blómstur verið allra kvenna, eptir hverrar dæmi góðar konur stunda ættu, og lýkur hér nú frá henni að segja.

NOTES. ¹) tungur B. ²) maður B. ³) brúðar B. ⁴) mikið B. ⁵) Gressilem B. ⁶) flyeli, damaski B. ⁷) Gresiles B. ⁸) B. ⁹) B adds: allra sæmilegasta og. ¹⁰) Gresilem B. ¹¹) B adds: vilja og. ¹²) B. ¹³) B omits this. ¹⁴) Gresiles B. ¹⁵) þar fyrir; en hér í móti B. ¹⁶) B omits this. ¹⁷) Gresiles B. ¹⁸) þú veizt B. ¹⁹) þú komst B. ²⁰) því það A. ²¹) Added in B. ²²) Gresiles B. ²³) B; A has wrongly: herra. ²⁴) B. ²⁵) En ei að heldur B. ²⁶) sendimenn B. ²⁷) Gresiles B. ²⁸) Gressiles B. ²⁹) yður B. ³⁰) þyrna A. ³¹) Thus B. ³²) B adds: þessa hennar miklu polinmæði. ³³) B; næstan A. ³⁴) B.

Hér skrifast sagan af Gríshildi polinmöðu.

Formáli sögunnar. Eptir því þar hafa verið skrifaðar margar historíur um kvennfólk, af hverju menn mega sjá og læra marga merkilega hluti, sem kvennfólkið hefur gjört og aðhafst með stórum blíðleika og vísdómi, þá sýnist mér og nytsamlegt, að ei sé gleymt þeirri polinmöðu Gríshildi, því af hverju hennar góðu dæmi mega allar kvinnur sér draga stóran og nytsamlegan lærdóm. Hennar sögu hefur skrifað Franciscus Petrarcha, þó ei í fyrstunni, heldur hefur hann dregið hana út af þeim völsku bókum Bocatii og sett hana upp á latínsk tungumál; síðan hefur henni snúið verið bæði í þýzku og dönsku, og nú síðast af dönskunni í íslenzku fyrir þá orsök, að ske kynni góðar kvinnur enn nú á vorum dögum mættu sér draga af þessari historíu gott dygðadæmi, þolgóða hughreysti og nytsaman lærdóm.

I. kapituli. Í Vallandi við sólarinnar niðurgöngu eður vestan til á landinu liggur eitt mikið og hátt fjall, sem heitir Vesaus¹; þess hæð nemur við skýin og það er mjög kostulegt af sinni eigin náttúru. Austanvert við þetta fjall móti sólarinnar uppruna sprettur upp eitt stórt rennandi vatn, af hverju mörg smá vötn útkvíslast og það svo margvíslega, að skáldið Virgilius kallar þetta vatnsfall herra og kóng yfir öllum öðrum vatnsföllum. Það fellur með hördum straum mitt í gegnum það land, sem heitir Liguria; þar næst í gegnum Emilian og Flaminiam, það er nær alt til Fenedien, og þar fellur það í mörgum aðskildum vötnum út í það stóra og mikla haf. Það landspláss, sem liggur næst þessu fjalli, er mjög frjósamt og lystilegt. Kringum fjallið liggja margir staðir og þorp. Rétt undir fjallinu liggur einn staður, sem heitir Salvits²; þann stað gjörðu þeir fastari og rammbyggilegri en aðra staði og bygðu hann miklu betur og prýðilegar fyrir þá skuld, að marggreifinn hafði þar sitt aðsetur. Hann var miklu mektugri en aðrir herrar þar í landi. Hann hét herra Valtari. Hann hafði vald og

stjórn yfir öllu landinu. Hann var ungur að aldri, en aldraður og fullkominn að góðum siðum, tukt og vísdómi. Ágætur og loflegur var hann í öllum sínum gerðum og athöfnum, glaður og lystugur. Hann lét sér vel ánægja það hann hafði, en stundaði ekki eður sókti eftir stórum ríkdómi. Hann hafði mikla skemtun af dýraveiðum og reið iðulega á skóg með sínum sveinum, svo hann tíðum forsmáði þar fyrir sitt elgið gagn og marga mikilsverða hluti. Hann hafði einsett sér, að hann skyldi aldrei kvænast né innganga ektastand; það mislíkaði mjög hans fólki og undirsátum. Þeir gengu eftir langa forhugsan fyrir herra Valtara og útvöldu einn þeirra, sem málsnjallastur var, og í mestu gúnst hjá margreifanum, að hann skyldi tala allra þeirra máli. Hann byrjaði sína ræðu á þessa lund og segir: 'Allrakærasti herra, þín margföld gæzka og góðgirnir hefur svo lengi þvingað þína undirsáta, að þeir hafa ei viljað segja þér það þeim við þig mislíkar, en nú skal mín raust láta þín eyru fá að heyra, hver að sé vilji og girnd þíns þagmælska fólks; ekki þar fyrir, að eg haldi mig öðrum betri eður vísari, heldur af þeirri orsök, að þú hefur gjört mér og téð marga velgjörninga framar öðrum. Með því allar þínar athafnir hafa oss altíð vel fallið og falla oss enn nú svo vel, að vér reiknum oss sjálfa sæla að vera af þinni stjórn, þó er það eitt, sem vér héldum oss öllu öðru landsfólki farsælli af verða, ef vér mættum þig þar um biðja, en það er þetta, að þú vildir snarlega taka þér í sinni að þér eina ektahústrú, ekki einasta strax til hennar að biðla, heldur snarlega brúðkaup að halda og gefa þig í ektaskap, helst þess vegna, að tíðin lifur fljótara en margan varir. Þú ert nú að sönnu á þínum æskutíma, en þú skalt vita, að aldurinn kemur þegjandi og stelur burt þínum ungdómi frá þér heimullega; þar með er það víst, að dauðinn stendur fyrir dyrum jafnt þeim ungu sem þeim gömlu, því enginn er frí fyrir honum, heldur hljóta allir menn að deyja. Nú svo sem það er víst, að dauðinn kemur, svo óviss er stundin, á hverri hann kemur. Vér biðjum þig auðmjúklega, heyr bænir þíns fólks og trú oss fyrir að fá þér brúði til handa; vér skulum útvelja þá, sem þér vel sómir og sambyður að burðum, blóði, fegurð og þrýði; af henni væntum vér oss að fá huggun og gleði. Æ, herra, leys þitt fólk af þeirra angri og trega, svo þú deyrir ei frá oss erfingjalaus, heldur að þitt fólk megi fá af þessum sama stofni höfuð og herra yfir sig, hvað það einnig af öllu hjarta girnist.'

II. kapituli. Þessi víslega og nytsama bæn og begering hrærði svo hug og sinni herra Valtara, að hann svaraði á þessa leið segjandi: 'Kæru vinir, þér neyðið mig til þess, sem aldrei hefur komið í minn þanka, því eg vildi hafa útvalið mér hindrunarlaus fríheit, hver sjaldan finnst í ektastandi. Það sem mitt fólk og mínir undirsátar girnast og af mér óska, læt eg mér vel falla og þægilegt vera, viljandi þar úti álíta þeirra trygð, hylli og vizku; þó með því móti, að þá forsjón og umhyggju, sem þér buðust til að hafa fyrir útvalningu og útvegum einnar brúðar mér til handa, þá sömu vil eg taka upp á mig sjálfan, því það hefur tíðum illa lukkast, þegar kvenna hefur á þenna hátt leitað verið fyrir annara útrétting, og hefur með framtíðinni orsakað óeining millum feðranna og barnanna.³ Eg veit vel, að alt það gott, sem með mannum er, það er alt af guði; á hann alleina set eg alt mitt traust, von og vilja; hann mun sjálfur af sinni mildi gefa mér það sem mér

kann nyttsamlegast að vera bæði fyrir sál og líf. Nú eptir því að eg bæði vil og skal taka mér ektahústrú eptir yðar bön og vilja, svo tilskil eg, að þér lofið að halda og gera það, sem eg aptur á móti af yður óska, sem er þetta, að hverja sem eg útvel mér fyrir brúði, hana skulu þér hafa og halda í heiðri, æru og virðingu, svo sem yður ber að halda yðar frú, og enginn af yður skal nokkurn tíma ámæla eður finna að við mig, hvað fyrir eina sem eg tek mér til brúðar og geri mig framvegis undirgefinn að lifa og deyja með sem minni réttu ektahústrú; hvort heldur hún vera kann ein keisara eður fjárhirðis dóttir, þá skuluð þér akta hana og virða sem yðar voldugu frú.' Þessu lofaði alt fólkíð með fullkomnum góðvilja. Síðan lét herra Valtari úthrópa þann heiðarlega hátíðisdag, á hverjum brúðkaupið skyldi haldast. Þetta líkaði öllum vel og skildu svo þar með. En herra Valtari lét strax tilreiða alt það, er þvílíku brúðkaupi og gestaboði tilheyrði og þar til þénaði.

III. kapituli. Skamt frá slotinu var eitt lítið þorp. Þar bjuggu ei nema fátækir menn. Íblant þeirra var einn maður hinn allra fátækasti, sem hét Janiculus. Hann átti eina dóttur, er Gríshildur hét. Hún var harla dægileg, fríð og fögur að líkamans sköpun; innvortis í sínu hjarta var hún blómleg og prýðileg að góðum siðum og lofsverðum kvenndygðum, svo þar fanst ei önnur jungfrú henni ypparlegri. Hún var við litla næringu í stórri fátækt uppalin. Sýkn saka var hún af allri vellyst, og ei hafði hún neitt að segja af góðum dögum, en í sínu jómfrúrhjarta var hún fullörugg og hélt sig glaðlega í sínum armóð. Hún vann fyrir sínum fátæka og gamla föður. Á daginn vaktaði hún síns föður fé og hafði með sér rokk sinn og snældu; þar með dreif hún tíðina á daginn. En á kvöldin safnaði hún sér saman urtum og öðru, sem hún kynni að færa heim sínum gamla föður. Á næturnar hafði hún hart og stirt legurúm. Í einu orði að segja, alt það sem einu góðu og hlýðnu barni heyrði að gera, það framkvæmdi hún hjá sínum fátæka, gamla föður. Hvert sinn sem herra Valtari reið út eður spássæraði, þá leit hann vingjarnlega og hýrlega til þessarar júngrú, þó ekki með óskikkanlegum þönkum eður óleyfilegri girnd, heldur einasta af því hann sá og formerkti hennar tukt og siðferði, dægilega líkamans sköpun og hæverskan lifnað, hvað hann þóttist ei svo almennilega sjá á öðrum jómfrúm. Og með því hann endilega skyldi nú taka sér eina brúði, þá setti hann sér nú í sinni, að hann skyldi útvelja hana þar til en enga aðra á jörðu. Nú leið mjög að þeim degi, sem brúðkaupið skyldi haldast, og enginn vissi, nær brúðurin skyldi koma eður hver hún var. Þetta forundraði hvern mann stórlega, en herra Valtari lét allajafna búa til ágæta gullhringa, krónu, forkostuleg belti, dýrmæt klæði og alt svoddan, sem einni mektugri brúði tilheyrði og sómdí að hafa og brúka, alt eptir því sem sambauð stærð og vexti Gríshildar. Nú sem kominn var sá tileinkaði dagur, á hverjum brúðkaupshátíðin haldast skyldi, og enginn vissi ennþá neitt að segja af nokkurri brúði, þá undraðist fólkíð þetta ennþá meir. Alt var herlega tilreitt og búið, bæði hús og borð, með dýrmætum gersimum. Herrann sjálfur bjó sig til að ríða út á móti sinni brúði með miklum sveinaskara og riddara, frúm og jungfrúm. Alt var Gríshildi þetta óvitanlegt, hvað við hana skyldi framkoma. Hún var að hreinsa og faga

hús föður síns það bezta hún kunni, og það hann orlofs og leyfis, að hún mætti með öðrum jungfrúm ganga út að sjá síns herra brúði, nær hún kæmi. Sem hún var nú genginn út að læk nokkrum að sækja sér þangað vatn og hraðaði sér heim aptur, þá kom herra Valtari þar ríðandi, og mætti henni með sitt brullaupsfólk, og heilsaði henni með nafni og sagði: 'Gríshildur, hvar er faðir þinn?' Hún téði sig mjög hæverska og skikkanlega, og segir með stærstu auðmýkt: 'Minn faðir er heima í sínu húsi.' Þá segir herra Valtari: 'Seg þú honum, að hann komi út til mín.'⁴ Sem hann kom út, tók herra Valtari í hönd honum og veik honum afsíðis frá fólkinu, talaði heimullega til hans og sagði: 'Janicule, mér er vel til þínu, og eg veit þú sem minn trúr þénari og undirsáti elskar mig einnig, og hvað mér þóknast, það viltu framgangi. Nú þó eg sé þinn herra, þá vil eg vita af þér, ef svo væri, að eg vildi taka þína dóttur mér til ektahústrúr, hvort þú vildir þá taka mig fyrir þinn dótturmág?' Sá gamli og fátæki maður féll í stans og forundran og varð svo frá sér numinn, að hann þagði langan tíma og gat ei svarað einu orði, en um síðir segir hann grátkjökrandi og hálfhræddur: 'Náðugi herra, aldrei skal eg annað vilja en það, sem þér viljið og yður þóknast, því þér eruð minn allrakærasti herra.' Þá sagði herra Valtari: 'Svo viljum vér ganga inn í húsið og heyra, hvað dóttir þín segir hér til í þinni nærveru.' Þeir gengu síðan tveir einir inn í húsið, en alt fólkið furðaði þetta úr hófi. Sem þeir komu inn, fundu þeir þar þá fátæku jómfrú. Hún var að prýða húsið það bezta hún kunni eptir þeim fátæku efnum, er hún hafði föng á. Henni varð bilt við komu þvífkra gesta. Herra Valtari talaði til hennar og segir: 'Og það þóknast föður þínum og mér, Gríshildur, að þú verðir mín ektahústrú. Eg vil vona og trúá, að þér muni þetta einnig geðfellt vera. En að einu vil eg spyrja þig. Ef þetta yrði nú, sem það mun og einnig snarlega ske, viltu þá með frí vilja lofa mér því að gera þinn vilja samþykkan mínum vilja, svo þú aldrei segir nei til þess, sem eg vil vera láta, og hvað sem eg vil hafast að við þig eður aðra, að þú aldrei knurrir eður möglir þar um, ei heldur gefir mér nein stíf eður stolt orð, heldur sem ber látir mig sjálfan einn öllu ráða?' Þessum undarlegu og óforvarandis orðum gengdi hún með blygðun og hæversku, segjandi: 'Minn allrakærasti herra, eg játa og þekki mig óverðuga þvífkrar æru; en sé þetta þinn vilji og vilji lukkan svo upphefja mig; þá vil eg ekki einungis aldrei tala, heldur og einnig aldrei þenkja það, sem þér kann á móti vera; þú skalt og aldrei nokkru sinni þess hlutar biðja mig, að mér pyki mikið fyrir að gera það, og enn þó þú bæðir mig í dauðann ganga.' Herra Valtari segir: 'Það er nóg sagt.'

IV. kapituli. Þar með tók herra Valtari í hönd Gríshildi og leiddi hana út fyrir alt fólkið, sýndi þeim hana og segir: 'Þessi er mín brúður. Hún skal vera yðar frú. Henni skulu þér veita heiður og æru, og svo framt þér elskið mig, þá elskið hana einnig, aktið hana og virðið sem þá mektugustu og kostulegustu frú.' En svo hún færði ei með sér hina gömlu lukku inn í það nýja hús, þá bauð herra Valtari, að þeir skyldu færa hana af öllum sínum gömlu fötum. Síðan lét hann klæða hana að nýju forkostulegum búningi frá hvirfli til ilja. Þar voru strax til reiðu frúr og jómfrúr að skýla henni undir sínum kápum inn til þess þær höfðu fullkomnað síns

herra vilja og ífært hana svo dýrmætum klæðnaði með gimsteinum á hverjum fingri, að hún mátti vel kallast af öllu fólki ein hjartans mann-
eskja. Síðan tók herra Valtari hana og trúlofaði sig henni opinberlega í
als fólksins nærveru með einum sérdeilis trygðahring; lét svo setja hana
upp á einn hvítan gangvara og með stórrí æru, virðing og vegsemd færa
hana heim á sitt slot. Þar eptir var brúðkaupshátíðin haldin með stærstu
gleði, prís og æru. Guð gaf sína náð þar til, að sú fátæka stúlka, sem áður
var uppfædd í lítillfjörlegum hirðiskofum með eynd og armóð, varð þannig
upphafin til eins mektugs herraslots valds og veldis, að hver maður hélt
hana [kæra og hafði hana í stórrí æru og virðingu,⁴ að þar kann enginn
maður frá að segja. Hennar lempi, tukt og siðferði var í alla staði ágætlegt.
Hún var svo elskuleg, lystileg og vís, svo dægileg og kostuleg; sögðu þeir
er hana sáu, að menn skyldu trauflega trúá, að hún væri dóttir Janiculi.
Þar var svoddan prýði að hennar lifnaði og siðferði, þvílíkur sætleikur í
hennar orðum og forstandi, að hún dró þar með hvern mann til hylli og
vinfengis við sig, ekki alleinasta þar í landi, heldur ogsvo í kringum
liggjandi plássum var hennar nafn loflegt og ærufult, svo að margar frúr og
jómfrúr, herra menn og aðrir komu til hennar að sjá hennar skikkun, tukt
og herlegheit. Þannig leitaði nú herra Valtari síns kvonfangs neðarlega og
auðvirðilega að sönnu, en þó merkilega og lukkulega. Altíð var hann
heiðraður í sínu húsi og lifði í góðum frið við sína undirsáta. Þeir hrósuðu
hans vísdomi, að hann hefði kunnað að þekkja þvílíkar dygðir undir svo
fátækum lörfum. Gríshildur var ekki einasta umhyggjusöm og forsókt í
því, sem hússtandinu tilheyrði, heldur og einnig í síns herra fráveru hafði
hún tilsjón með öllum embættum og lénum í landinu. Með sínum vísdomi
og skynsömum orðum stilti hún og niðurstetti marga tvídrægni og misklíð
bæði milli aðalsins og annara útífrá, svo hver maður sagði, að væri hún
þeim af himni send.

V. kapituli. Skömmu hér eptir skeði svo, að Gríshildur varð punguð.
Það var öllu fólki stór gleði og langaði stórum eptir þeim tíma, nær barnið
skyldi fæðast, hvað og snarlega skeði, að hún fæddi eitt meybarn; en hún
vildi heldur hafa átt sveinbarn. Við þetta gladdist ei einasta hennar maður,
heldur einnig alt fólkið í landinu. En sem herra Valtari heyrði barnið
gráta, fékk hann undarlega innbyrting—hvort hún var lofsverð eður ei, veit
eg ekki að segja, þeir vísu mega þar um dæma; því þó hann sæi, að sín
hústrú elskaði sig mjög heitt og hjartanlega, og var þar til ærufull,
dygðarík og trúföst í allan máta, þá setti hann sér fyrir ei að siður að reyna
hana og freista hennar því meir. Hann gekk heimullega inn í herbergið
til hennar, lét sem hann væri reiður, talaði sem af þjósti til hennar og
segir: 'Gríshildur, þú veizt vel, hvernig þú ert komin inn í mitt hús, og eg
trúi ekki, að þú hafir gleymt þínum forna armóð og fátækdómi, í hverjum
þú ert uppfædd, þó þú sért nú innkomin í svo stórt álit, makt og veldi. Eg
elska þig að sönnu, en mínu eðalfólki er ekki svo kært til þín, sérdeilis nú,
þar þeir sjá, að þú ert tekin til að eiga börn; því þeir hugsa, svo muni kunna
falla, að þú verðir erfingi að ríkinu, en það þykjast þeir ei kunna að líða að
vera undirgefnir einni fátækri bóndadóttur. Eg hef altíð haft frið og góða
eining við mína undirsáta og hef enu nú, ef eg geng frá mínum vilja en

geri eptir vilja míns fólks við þetta unga barn, og má eg þá gera þann hlut, sem mér fellur svo þungt, að trauðlega kann mér annar hlutur að falla jafnþungt; þó vildi eg samt það ekki gera án þinnar vitundar. Þar fyrir vil eg, að þú gefir þinn vilja og samþykki hér til með polinmæði fyrir utan alt knurr og mögl, svo sem þú lofaðir mér áður en eg tók þig mér til ektahústrúr.' Þá Gríshildur heyrði þetta, sást ekki á henni nein sorg, andvarpan, grátur eður nokkurs konar umbreyting, heldur svaraði hún herra Valtara með allra stærstu polinmæði og segir: "Þú ert minn herra, [eg og þín dóttir erum þín⁶]; þar fyrir máttu gera af þínu, hvað þú vilt. Aldrei skal mér það illa líka, sem þú vilt vera láta. Eg girnist ekki neitt að eiga, þar fyrir kvíði eg ekki við nokkuð að missa. Þú ert sá eini, sem svo ert fast innrættur í mínu hjarta, að þaðan fær enginn hlutur þig útrýmt, hvorki nú né nokkurn tíma, og hvað helst sem þér er þægilegt, það sama skal mér aldrei þykja mikið fyrir að samþykkja eður fullkomna." Af þessu svari varð herra Valtari mjög glaður, þó hann léti það ekki á sér merkja; hann lét sem hann væri hryggur og sorgfullur, og gekk svo út frá henni aptur. Lítilli stundu síðar sendi hann til hennar einn sinn þénara, sem hann trúði vel, og segir honum sinn vilja bæði um Gríshildi og barnið. Þessi sendiboði kom til hennar um nóttina og segir til hennar: 'Ó, mín kæra frú Gríshildur, eg bið þig, að þú látir þér ei mislíka við mig, þó eg fullkomni það, sem eg er nauðbeygður og þvingaður um að gera þvert á móti mínu geði og vilja. Þú kant sjálf að grunda það af þinni vizku og skynsemi, að hátt er herraboðið, jafnvel þó þú hingað til dags hafir sjálf lítið þar af reynt. Minn herra hefur befalað mér, að eg skuli nú strax taka þitt barn frá þér.' Þegar hann hafði þetta sagt, stóð hann kyrr og þagði og lét sem sér hefði verið befalað að fyrirfara barninu. Þetta þóttist Gríshildur áður merkt hafa af orðum síns herra og nú enn framar, þar sent var eptir barninu á næturtíma. Samt kunni enginn maður að sjá, að hún andvarpaði, gréti eður bæri sig illa á nokkurn hátt af þessu. Þetta hefði nógu þungt verið að umbera fyrir eina barnfóstru, því heldur fyrir eina náttúrlega móður. Hún kysti barnið og gerði krossmark fyrir því bæði á enni þess og brjósti. Síðan fékk hún þénaranum það og segir: 'Minn kæri son, gaktu burt og fullkomna það, sem minn elskulegi herra hefur befalað þér. En eins hlutar vil eg biðja þig, ef þú gætir komið því svo til leiðar, að villidýr og fuglar uppæti ekki þetta nýklakta barn, svo framt þú ætlar það ekki mínum herra á móti.' Sveinninn tók barnið og bar það til herra Valtara og segir honum, hvernig orð höfðu fallið millum sín og hans ektahústrúr. Margreifinn aumkaðist yfir þessu [í] sínu hjarta; samt lét hann ekki af að freista sinnar ektakvinnu og reyna hennar stöðuglyndi. Hann bað sveinninn að forvara barnið vel, hvað hann og gerði, og sveipaði það í hreinum klæðum og lagði það í eina kórf; síðan setti hann það upp á einn tamdan asna og flutti þetta barn í Bononien⁶ til systur herra Valtara, sem var hústrú greifans af Pavins,⁷ og segir, hún hefði verið umbeðin að uppala þetta barn svo vel og kostgæfilega sem það væri hennar eigin dóttir, með því líkri tukt, æru og virðingu, sem til heyrði. Eptir þetta gaf herra Valtari gaumgæfilega gætur að orðum og yfirbragði Gríshildar, og kunni aldrei annað að sjá eður merkja, en hún væri með sama geði, þénustu,

undirgefni, gleðskap, elsku og kærleika; hvorki grét hún né stundi, og aldrei talaði hún eitt orð um sína dóttur, eptir það hún var í burt frá henni borin.

VI. kaþtuli. Fjórum árum þar eptir fæddi Gríshildur eitt mjög dægilegt sveinbarn. Þar af fékk herra Valtari, hans vinir og alt fólk í landinu stóra gleði. En tveim árum eptir það barn var fætt og það var af brjósti vanið, fékk herra Valtari aptur ennþá í sinni að freista sinnar hústrúr. Hann segir til hennar: 'Gríshildur, þú hefur vel mátt formerkja og skynja, hversu mitt fólk sturlast og angrast þar af, að eg tók þig mér til ekta, sérdeilis nú, þar sem þú ert orðin frjósöm og allra helst síðan þú fæddir einn son. Þetta þeirra knurr og murr⁸ kemur mér fyrir eyru. Þeir segja svo: "Þegar vor yfirmaður, herra Valtari, deyr, þá megum vér vænta oss til yfirmanns í hans stað dóttursonar Janiculi; guð náði og betri það, að svo ypparlegt land og ríki skuli hafa þvílíkan herra yfir sér." Þetta er fólkíð daglega að tala sín á milli. Eg vildi feginn lifa í friði og ró, en það get eg ómögulega fyrir þeirri heimullegrri angursemi, sem eg hef af þessu mögli og murr. Því er mér nú í sinni að fara eins með okkar son og eg fór fyrrum með okkar dóttur⁹.' Sú góðsiðuga Gríshildur svaraði sínum herra og segir: 'Eg hef sagt og segi enn nú, að eg vil ekkert annað en það, sem þú vilt. Eg hef ei annað með þetta barn en að rækta það og hafa ómak fyrir því þér til geðþekni, svo lengi sem þú sjálfur vilt, en ei lengur. Þú ert beggja okkar herra og bæði við heyrnum þér til; [þú mátt gera af þínu það, sem þú vilt,]¹⁰ og það án minnar vitundar. Undir eins og eg gekk frá mínum gömlu klæðum og míns föður húsi, en kom í þitt hús, þá gekk eg undir eins frá mínum vilja, en hef þar í staðinn meðtekið þinn vilja og þín klæði. Þess vegna hvað sem þú vilt, það vil eg einnig í alla staði; og væri mér mögulegt eg kynni af sjálfri mér vita, hvað þú vildir eður girntist, þá skyldi eg, löngu áður en þú það af mér óskaðir, gjarna fullkomna þinn vilja. En fyrst eg veit það ekki, þá skal eg ei að síður eptirfylgja þínum vilja í hvern helst máta, sem það vera kann, að engu undanteknu; og þó þú vildir, að eg skyldi í dauðann ganga, þá er eg fús og reiðubúin að deyja eptir þínum vilja. Enginn skal okkar vilja aðskilja, hvorki dauði né nokkur sköpuð skepna í veröldinni.' Herra Valtari gat aldrei nóglega forundrað sig á þvílíkum stöðugleika einnar kvinnu. Hann lét sem hann væri hryggur, gekk frá henni, kallaði til sín sinn fyrnefnda trúa þénara og segir við hann: 'Farðu til minnar kvinnu eins og þú gerðir fyrri.' Hann gekk inn til hennar og klagði sig mjög aumkunarlega, að hann skyldi nauðbeygjast og þvingast af sínum herra að drýgja þvílíkt aumkunarlegt morð. Hann féll á kné fyrir Gríshildi og bað hana með grátandi tárum í guðs nafni að fyrirgefa sér þetta; bað síðan, að hún vildi afhenda sér barnið. Hún tók þetta dægilega barn til sín með óumbreyttu yfirbragði og andlitsfarfa, en hvað hennar hjarta hefur haft að bera, veit eg ekki. Þetta barn var ekki einungis kært móðurinni, heldur og einnig öllum mönnum, er það fengu að sjá. Hún signdi barnið með heilögu krossmarki bæði á brjóstinu og yfir andlitið, eins og hún hafði áður gert við sína dóttur.¹¹ Síðan fékk hún sveininum það og segir: "Minn góði vin, gaktu nú burt, ger og fullkomna það þér er befalað. Þó bið eg þig enn sem fyrri, þú vildir sjá svo til, að villidýr¹² fortæri ekki þessu eðla blóði." Þar með tók

sveinninn barnið, bar það til síns herra og segir honum alt, hvernig farið hafði. Herra Valtari féll í stærstu forundrun yfir þessu, svo hefði hann ekki í sannleika vitað þá miklu elsku, sem móðirin hafði á þessu barni, þá hefði hann þenkt eitthvað hér um, að hún skyldi svo auðveldlega gefa sitt barn frá sér í dauðann. (Jafnvel þó hún gerði alt þetta sökum þeirrar stóru elsku, sem hún hafði á sínum herra, að hún í alla staði eptirfylgdi hans vilja, eg veit ei með hverjum rétti hann kunni gera sig reiðan við hana, þar hún fríviljuglega bauðst til að ganga í dauðann, ef það væri hans vilji, því skyldi hún þá ekki afhenda frá sér hans eigið barn eptir hans eigin vilja. Skyldi eg leggja hér dóm á, þá veit eg vel, hverjum skuldin ætti að gefast.)¹⁸ Herra Valtari lét strax taka barnið með stórrí varatekt og flytja í Bononien til sinnar systur. Þessar freistingar og reynslur, sem herra Valtari gerði sinni hústrú, þær hefðu verið nógu þungar, já altof þungar, þeim allra staðfastasta og stöðuglyndasta manni í veröldinni. Margir byrja vel einn hlut, en fullkomna hann ekki til enda eptir því, sem hann uppbyrjaður var. Þar fyrir vildi herra Valtari reyna sína hústrú til þrauta. Hann kunni þó aldrei að finna hana með öðru sinni í einn tíma heldur en annan. Hún jók alltið dag frá degi sína auðmýkt, polinmæði og þénustusemi við hann, svo að hvorki hann eður hún hafði sinn eigin vilja, heldur var alltið hans vilji hennar vilji, og hennar vilji var alltið hans vilji. Þar óx dag frá degi æ meir og meir um alt landið bæði meðal herramanna og almúgans eitt slæmt og vont rykti um herra Valtara, hversu hann svo sem einn týranni og óguðlegur maður hefði látið myrða sín börn vegna sinnar kvinnu, fyrir þá skuld, að hún var fátæk bóndadóttir; skeði þetta helst fyrir þá orsök, að enginn fékk börnin að sjá og ei heldur vissi neinn maður, hvar þau voru í veröldinni niður komin. Þar fyrir gerði áá góði herra Valtari sjálfum sér ógunst af sínum undirsátum, svo þeir, sem hann höfðu áður haft í æðstu æru og virðingu með hinum mesta kærleika, þeir máttu nú hvorki heyra hann né sjá. Þetta vissi hann alt vel; samt vildi hann ekki láta af að freista sinnar hústrú.

VII. kaptituli. Þegar liðin voru 12¹⁴ ár frá því, er herra Valtari hafði komið sinni dóttur í föstur, sendi hann nokkra menn til Róm og lagði fyrir þá, að þegar þeir kæmu þaðan aptur, þá skyldu þeir láta sem þeir hefðu bréf frá páfanum svo hljóðandi, að páfinn hefði gefið herra Valtara mektugheitum¹⁵ leyfi til að skilja sig við sína hústrú, með því hún væri ein bóndadóttir og ekki svo háborin sem hans tign sómdi, en hann mætti taka sér aptur aðra, sem væri hans jafnræði bæði að ætt, burðum og standi, svo þar mætti nú því heldur vera friður og eindrægni millum hans og hans undirsáta. Þetta rykti kom fyrir almúgann, en þeir¹⁶ trúðu ekki, að það mundi satt vera. Þegar Gríshildur fékk þetta að heyra, hefur hún vissulega mátt angrast, eptir því sem mér virðist. Samt einsetti hún sér að líða með polinmæði, hvað helst sem guð og lukkan léti henni tilfalla. Og þó þessir þankar sveimuðu þannig til og frá í hennar hjarta, var hún samt ókvíðin í alla staði og vildi með góðu geði skilja við alt það vald og veldi, sem hún var tilkomin. Herra Valtari skrifaði bréf til Bononien sínum mági til og bað, að hann vildi sjálfur persónulega færa honum heim sín börn. Af þessu tilefni barst það rykti út um alt landið, að greifinn hefði herra

Valtara gefið sína dóttur til ekta. Greifinn gerði sem herra Valtari bað hann, og færði honum bæði sín börn upptuktuð í allri hæversku og útstafferuð með dýrmætustu klæðum og klenódíum. Þessi systkin flutti hann og færði til Salvits með stórrí æru, riddurum, sveinum, frúm og jómfómum, allt upp á þá vísu, sem menn plaga að koma til einhvers stórherra brúðkaups eður gestaboðs. Ekki vildi herra Valtari ennþá mýkja sitt harðlyndi, heldur penkti, hvernig hann kynni enn framar að freista sinnar hústrúr. Því gekk hann inn til hennar og segir: 'Gríshildur, eg hef nú allareidu haft mína gleði og vellyst með þér í ektastandi, eptir því sem mig gírnir. Þó hef eg reynt og séð það á öllu þínu siðferði, að þú yfingengur langt art og eðli þinnar ættar, af hverri þú ert komin; svo veit eg og vel, sem þú kant sjálf að þenkja, að mér sómir ekki að blífa lengur í slíku standi með einni akurmannsdóttur. Mímir góðu menn neyða mig til þessa; svo og hefur vor heilagi faðir páinn lagt mér til leyfis, að eg megi taka mér aðra hústrú, en skilja við þig. Hún er nú á reisu og kemur hér snarlega. Lát þér nú þetta vel líka og rým fyrir henni, svo hún megi meðtaka þitt stand, vald, makt og veldi. Taktu nú með þér allan þinn heimanmund, sem þú komst hingað með, og vert svo hér eptir heima í þíns gamla föður húsi.' Sú dygðuga Gríshildur svaraði sínum herra og segir: 'Góði herra, það vissi eg sjálf altíð, að þar var enginn samjöfnuður í millum þinnar maktar og míns lítilmótleika; eg hef aldrei haldið mig verðuga að vera þína þernu, því síður þína hústrú. Eg er í þínu húsi, í hverju þú hefur gjört mig að konu, en guð skal vera mitt vitni, það eg hef altíð haldið mig överðuga að heita eður vera þín þjónustukvinna. Þar fyrir fæ eg aldrei guði né þér fullpakkað, að eg í þínu húsi hef svo lengi verið haldin í miklu stærri æru og virðingu en eg nokkurn tíma kunni að forþéna. Því er eg nú reiðubúin að ganga til míns föður húss aptur, lífa þar minn aldur og deyja í þeim sama stað, við hvern eg best og mest vandist í ungðæmi mínu. Samt vil eg lífa og vera ein fátæk ekkja alla þá stund, sem ólífuð er eptir æfi minnar, með því eg hef verið þvílíks manns ektakvinna. Ekki vil eg þér óvitandi ganga út af þínu húsi, í hverju eg hef haft stóra æru og makt og drifið svo mína tíð. Þú segir, eg skuli taka minn heimanmund með mér og þær gáfur, sem eg kom með til þín. Hvað þetta er, þykist eg vel vita, því mér er ekki úr minni líðið, að eg var fyrir utan dyrnar á míns föður húsi afklædd öllum mínum gömlu lörfum, en [færði mig aptur¹⁷ í þín dýrmætu klæði, og var svo með stórrí æru færð hingað upp á þitt slot. Eg hafði aldeilis enga auðlegð eður gáfur af mínu til nema trúskap og nakinn líkama. Þar fyrir vil eg nú leggja af mér þenna kyrtil og færa mig aptur í mín gömlu klæði, í hverjum þú tókst mig til þinnar þjónustukvinnu. Hín önnur klæði, hringa og klenódía, sem eg hef brúkað til stáss og æru, finnur þú sjálfur hér í herberginu. Eg gekk ber og nakin frá míns föður húsi; þangað vil eg nú aptur ber og nakin ganga. En eitt er það, sem mér sýnist ekki tilheyrilegt vera, að það líf, sem þín börn hefur borið og í heiminn fætt, skuli bert og nakið vera fyrir allra manna augum. Því vil eg biðja þig, ef þér sjálfum þykir það betur fara, að fyrir þann meydóm, sem eg kom með til þín, viljirðu lofa mér að halda eptir einum berum serk, svo eg með honum skýla kunni nöktum líkama þinnar aumu þjónustukvinnu,

sem þó nokkra stund hefur verið þín ektahústrú.' Þegar herra Valtari heyrði þetta, gat hann ei lengur af sér borið, heldur runnu tárin af hans augum, svo hann naumlega kom orðum upp; þó segir hann: 'Eg er tilfriðs; þú mátt behalda þessum eina serk.' Hann snéri sér undan og gekk frá henni með grátandi tárum. Gríshildur afklæddi sig öllum sínum klæðum í als fólksins nærveru; einasta hélt hún eptir sínum serk að skýla þar með sínum bera kropp. Svo gekk hún út af slotinu berhöfðuð og berfætt og margt fólk með henni, sem aumkaðist yfir svoddan lukkuleysi; enginn af þeim gat tára bundizt nema Gríshildur alleina. Þannig kom hún nú aumkunarlega aptur til síns föður húss. Föður hennar var altíð ímugustur á því, að hún svo fátæk skyldi koma til þvílíkrar upphéðar. Hann hugsaði altíð svo með sér: 'Þegar herranum leiðist mín dóttir, þá fær hann hatur til hennar, fyrir því hún er af svo lágum stigum, og mun þá vissulega reka hana burt frá sér af sínu húsi, svo sem tíðkanlegt er fyrir þessum mektugu herrum.' Þegar hann sá nú og formerkti margt fólk koma að sínu húsi og þar íbland dóttur sína þegjandi og svo nær alsnakta, þá fór hann strax að leita eptir þeim rifnu lörfum, sem hún hafði brúkað til forna, áður en hún var færð burt frá honum; hann hafði geymt þessa tötra í kistu sinni, tók þá nú upp, gekk svo á móti dóttur sinni og klæddi hann þessum búningi. En fólk alt, sem henni hafði fylgt þangað, skildi við hana með harmi og trega. Hryggilegt er hér frá að skýra. Hún var í alla staði vel til friðs að vera hjá sínum föður í svo miklum armóð og fátækdóm með stórrí polinmæði, svo aldrei kunni nokkur maður sjá eður merkja á henni nokkurn fáleika eður nokkurt sorgarteikn; aldrei heyrðist það, að hún skyldi klaga eður kvarta þar um, að hún væri komin frá svo hárrí tign og maktar veldi í þvílíka eynd og vesöld. Eins og fyrrum því meir sem hún upphafðist til æru og maktar, því framar auðsýndi hún sig í öllum hlutum auðmjúka, hógværa og lítilláta.

VIII. kapituli. Greifinn af Pavints var nú kominn á leið til Salvits, svo hans var daglega þangað von. Þar var og komið alment rykti meðal fólksins um þá ungu brúður, er herra Valtari skyldi taka til ekta. Herra Valtari hafði sannfregnað af manni þeim, er greifinn sendi undan sér til Salvits, á hverjum degi hann mundi koma þangað. Einum degi áður en greifans var von, gerði herra Valtari Gríshildi boð, að hún skyldi koma til hans. Strax kom hún með stærstu auðmýkt. Þá segir hann til hennar: 'Gríshildur eg vildi, að jómfurúin mín brúður, sem hér mun koma á morgun með frúm og jómfurúm, riddurum og sveinum, yrði vel meðtekin og mætti sem best fagnað verða ásamt öllum öðrum, sem hingað koma til þessarar brúðkaupshátíðar, svo móti sérhverjum mætti svo vel og skikkanlega tekið verða, sem hverjum fyrir sig hæfði, bæði með hæverskum orðum og öðru þar til heyrir. Eg hef víst frír og eðalkvinnur, sem þéanlegar eru hér til; en þó þú sért nú í gömlum og rifnum fötum, þá vil eg samt fá þér þá befalling í hendur, að þú heilsir gestunum, takir á móti þeim og vísir þeim til sætis, sérhverjum eptir sínu standi, helst fyrir þá skuld, að þú veizt betur en allir aðrir, hvernig mínum geðsmunum og háttalagi er varið.' Gríshildur svaraði og segir: 'Minn herra, eg vil ekki einasta gera þetta heldur innilega óska, að eg mætti þetta þér til þénustu gera, því svo lengi sálin er í mínum

líkama, skaltu aldrei merkja það, eg telji mig undan að gera það, sem þér er til vilja eður þénustu, með stærstu auðmýkt og undirgefni.' Að svo mæltu fór hún strax að tilreiða og búa bæði sængur og borð og alt annað, sem þvífrikri hátfölegri veizlu til heyrði. Því sem hún gat ei sjálf til vegar komið, það fékk hún af öðrum að gera með hægð og lempi, svo alt var í bezta máta niðurskikkað og tilsett. Hún auðsýndi sig í öllum hlutum sem eina trúu og dygga þénustukvinnu. Daginn eftir kom greifinn af Pavints með þann unga herra og þá ungu jómfúru. Hver maður forundraði sig á þeirra dygd og dægilegheitum. Sumir sögðu, að herra Valtari hefði gert sem einn vís herra að hafa þessi kvennaskipti, því að sú nýkomna brúður væri bæði yngri og af ypparlegra slekti heldur en sú gamla er, og þar með fengi hann nú svo dægilegan ungan prinz til mágs. Gríshildur var í alla staði af hjarta glöð og kát; ei syrgði hún né grét, ekki gramdist henni og ei skammaðist hún sín að ganga fyrir þetta framandi fólk í sínum gömlu, rifnu leppum. Hún gekk fyrir jómfúruna með blíðu viðmóti og segir: 'Mín allrakærasta náðuga frá, verið guði og mér velkomnar.' Síðan gekk hún frá henni og heilsaði öllu hennar fólki mjög skikkanlega með hæverskum orðum. Húsið og salurinn var svo kostulega prýtt og útstaffað, að gestina alla forundraði, að þvífík tukt, æra og kurteisni kynni að felast eður finnast hjá nokkurri manneskju, sem svo illa og vesællega væri klædd. Það var hennar stærsta unun og gleði að heyra það hrós og þá æru, sem fólkið veitti þeim ungu og dægilegu systkinum;¹⁸ hvað mikið hún sjálf þeim hrósaði, verður ei með orðum skýrt; kann vera, náttúran hafi hvatt¹⁹ hana hér til. Þegar fólk skyldi setjast til borðs, segir herra Valtari við Gríshildi með hárra raust og lét sem hann vildi gera sér það til gamans í fólksins náveru: 'Segðu mér nú í sannleika,' segir hann, "hvornig lízt þér á mína brúður? Er hún ekki ein dægileg manneskja?" "Já, herra," segir Gríshildur, "dægilegri persónu hefðuð [þér aldrei²⁰ kunnað upp að leita í allri veröldu, og vissulega muntu í stærstu farsæld lifa með henni; þess man þig og aldrei iðra, að þú tókst hana þér til ekta-hústrúr. Guð almáttugur veit, að eg óska innilega þess hins sama af öllum hug og hjarta. En eins hlutar vil eg biðja þig, að þú typtir hana ei svo harðlega sem þú typtaðir þína fyrri hústrú, því að hún er ung og í eptirlæti uppálin, og þar fyrir er eg uggandi, hún muni ei kunna að líða eður umbera þvífíka reynslu." Þegar herra Valtari sá nú svoddan ógrípilegan stöðugleika sinnar hústrúr, sem hann hafði svo margvíslega öldungis saklausa reynt, hrærðist hann af miskun og meðaumkun og gat nú ei lengur liðið hennar mótgang, heldur segir: 'Nú veit eg víst og hef í sannleika reynt, að enginn maður í veröldinni hefur svo þrálega reynt sína hústrú eður freistað hennar og fundið hjá henni svo mikið og öflugt stöðuglyndi, sem eg hef gert.' Þar með tók hann hana sér í faðm með ósegjanlega mörgum hæverskum orðum. Við þetta varð Gríshildi svo bilt, eins og hún hefði verið upp vakin af þungum draum. En hann segir til hennar: 'Gríshildur, þú ert alleina mín elskulega hústrú; aldrei hef eg átt nokkra aðra og aldrei skal eg aðra eiga. Þessi jómfúru, sem þú hugðir að vera mína brúður, hún er þín dóttir, og sá ungi herra, bróðir hennar, hann er þinn sonur. Alt það, sem eg hef tekið frá þér, son og dóttur, göss og dýrgrip, vald og veldi, það gef eg þér

nú altsaman aptur. Enginn skal kunna annað í sannleika að segja en það, sem eg hef gert, það hef eg alt gert í þeirri meiningu að reyna þína staðfesti og stöðugleika. Eg hef ekki látið deyða þín börn, heldur látið ærlega uppfæða þau.' Þegar sú góða, polinmóða Gríshildur og hennar börn heyrðu þetta, þá urðu þau öll af hjartans gleði svo frá sér numin, að þau kunnu ekki um stundar sakir að tala neitt þar fyrir. Fagnaði Gríshildur sínum börnum og þau henni aptur á móti með klappi, kossum og ósegjandi ástarorðum, svo allar frúr og jómnfrúr, sem voru í þessu gestaboði báru meðaumkunar samfögnuð með þeim, og varla fanst þar sú manneskja, sem ei gréti og tárfeildi af hjartans gleði og fögnuði. Síðan var Gríshildur sett aptur til sinnar fyrri tignar og vegsemdar. Þenna dag sátu allir glaðir og kátir og enduðu hann með svo stórum glaum og gleðskap, að varla fundust dæmi til. Herra Valtari lifði þar eptir með sinni hústrú og sínum börnum í mörg ár í stærstu guðrækni, elsku og kærleika. Síðan tók herra Valtari til sín sinn gamla, fátæka mág Janicule,²¹ hvern hann hafði áður altíð forsmáð, svo hann kynni því heldur freista Gríshildar eptir sínum vilja og ásetningi, eptir því sem áður er sagt, en nú hélt hann hann í stórrí æru og virðingu. Dóttur sína gipti hann margreifanum,²² en sonur hans settist að ríkinu eptir hans dag og stjórnaði því vel og lengi og mörg ár með stórrí snilli og vísdomi, og þar með endar þessa sögu.

FINIS.

NOTES. ¹) Thus also in the Danish text, for Vesulus (Monte Viso). ²) The Danish has Salutz (= Saluzzo). ³) Danish: fordi at en Qvindes fremmede Villie giør tit og ofte Ulyksalighed imellem Börnene og Faderen; Petrarch: quid unius enim claritas confert alteri? Sæpe filij dissimili sunt parentum. ⁴) fyrir sína yfirfrú og hafði hana innilega kæra með stórrí æru og virðingu B. ⁵) eg er þín dóttir og mitt barn erum þín A; en eg er þín dóttir og mitt barn er þitt barn B. ⁶) Bononien = Bologna. ⁷) Danish: Pavintz; Petrarch: de Panico. ⁸) B; nurr A. ⁹) Here is omitted: 'Dette siger jeg dig tilforn, paa det, at du ikke siden skulle græmme dig, eller tage dig nogen Sorg til derfore.' ¹⁰) This sentence is left out in AB. ¹¹) Here is omitted: Hun saa paa Barnet en liden stund (diuticule oculis inhærens). ¹²) Omitted is: og Fugle (à vexatione volucrum ac ferarum). ¹³) This paragraph between the parentheses is not in Petrarch nor in the German versions I have seen. ¹⁴) seytján B, evidently caused by reading 12 as 17. ¹⁵) Thus A; myndugheit um B. The Danish text is: at for Hr. Volters Mægtigheds og Ædelheds Skyld havde Paven givet ham Lov, etc. ¹⁶) hann B. ¹⁷) B more correctly: færð aptur. ¹⁸) Here is omitted: altid vare de hende selv udi Hiertet; this, however, is not in Petrarch. ¹⁹) B; kvatt A. ²⁰) B; not in A. ²¹) Janiculum A. ²²) Thus also the Danish text. Petrarch has: filiam suam magnificis atque honestis nuptiis collocavit. The German edition of c. 1473 has: Sein tochter gab er in grosse eere einem Marggraffen.

Hér byrjast sagan af Grishildi góðu.

I. kapituli. Sá kóngur réði fyrir Frakklandi, er Valentinus¹ hét. Hann var einn með þeim göfugustu kóngum talinn, sem fyrir Frakklandi ráðið höfðu, svo fyrir norðan Grikklandshaf fanst enginn líki hans á hans dögum. Hann var stórauðugur að fé og hinn mesti maður að líkamsburðum og fríðari öllum mönnum þar í landi. Kóngur var hinn mesti bardagamaður og hafði jafnan sigur í öllum orustum. Hann stjórnaði ríki sínu með allri kostgæfni og stórrí skynsemi.² Hann var og hinn framsýnasti og ráðsnjallasti, var og mjög ágætlega skapi farinn; en mörgum þótti hann þó undarlegur, því væri hann að nokkru spurður eða væri honum nokkuð sagt, hvað á nokkru reið, þá lét hann sem hann ei heyrði og gengdi því að engu fyr en langur tími var liðinn. [Svo var og ef kóngur þurfti lög að segja, svo nær að hans ráð framkomu, sýndust öllum hin vitugustu³; þar fyrir kunnu höfðingjar vel við skapfar kóngs. Kóngur var stórgjöfull af fé, örlátur og mildur við fátækt fólk, og betalaði þann góðvilja, er honum var gerður, með þeim mestu sæmdum; því var hann af öllum elskaður sem faðir væri. Kóngur var á sjötugasta ári síns aldurs, þá saga þessi byrjaðist. Hafði hann nú ennþá aldrei við kvennmann kendur verið og engan bróður átti hann á lífi og enga ættmenn, þá er sæmdum tignaðir væru, því hann hafði þá alla afifað. Kóngur gerðist mönnum því geðfeldari sem hann lifði lengur.

II. kapituli. Kóngur skikkaði svo réttindum í ríki sínu, að hans göfugasta ráðaneyti skyldi einu sinni á ári hverju finnast, lög að endurbæta og dóma að halda og vandræði með réttindum að lagfæra. Komu þeir nú allir til samans á áðursögðu kóngsins aldursári; og að enduðum þeim málagjörðum var kóngur við sæng sína sökum tilfallandi veikur, er honum hafði nýlega tilfallið; var þó nokkuð í apturbata. Hófst sú orðræða á meðal höfðingja, hvernig því landi ganga mundi, nær kóngur yrði af guði burt kallaður, og hver þá mundi þar kóngdóm halda mega; varð þeim öllum áhyggjusamt um þetta, því þeir þóttust engan sjá eður vita, nær þeir ættir kóngsins rannsökuðu, sem hæfilegur væri kóngsstól að halda. Urðu nú höfðingjar mjög fálátir. Einn ungur og vís stjórnumeistari á meðal þeirra, hver er kónginum spáði um óorðna hluti og jafnan reyndist trúverðugur, mælti til þeirra: 'Hugsamt hefur mér verið optar en sjaldnar um þetta efni, síðan eg náð kóngsins og yðar þénti; hef eg þess og fullkomlega áskynja orðið, að kóngur mundi arfa eptir sig láta og auðið giptingar verða, þó það muni ske með þeim hætti, sem fæstir munu hyggja, en flestum minnisstæður verða, hvar eg vil ei fleira um ræða, þó skynja mætti.' Hljóðnuðu höfðingjar allir við tal hans og spurðust að sín í milli, hverra ráða neyta skyldi. Meistarinn mælti til þeirra: 'Sendið einn af hinum vildustu ráðgjöfum, þann er mest er af kóngi metinn, til hans með þessu erindi, hversu kóngi er um þetta hugað, en stóra alúð mun kosta við kóng, að forsjálega sé að þessu farið.' Skygndust höfðingjar eptir, hver til þessarar ferðar mundi hæfastur vera. Remund⁴ hét hinn elsti og auðugasti þeirra; hann brast tíu vetur á hundrað; hann var sæmdur jarlegu⁵ nafni; gekk hann kónginum næst í ráðum og stórvizku.⁶ Þann kváðu höfðingjar líklegastan

til þessarar ferðar, en hann hljóðnaði við tal þetta; mæltu höfðingjar til við hann, hversu honum um þetta gefið væri. Hann kvað það þungt í geði sínu; þó væri elli sinni til að verja, ef landinu mætti til styrktar verða eður lukku koma. Báðu þeir hann geðs að gæta, en hann batt orð [með sínum eiði⁷ og tókst erindi þetta á hendur. Að [slitnum þingum⁸ kvaddi hann liðsmenn af sínu fólki með sér til ferðar, og á tilsettum tíma reið hann til kóngsins borgar með liði sínu. Var þá kóngi albata orðið. Þann sama dag og Remund jarl reið til borgarinnar, var allur borgarlýður á leikvelli og kóngur sjálfur sat að skemtan þeirri. Jarlinn sté af hesti sínum og gekk með stórum heiðri fyrir kóng; og er kóngur sá jarlinn, varð hann alshugar glaður, veik úr sínu sæti og gekk á móti jarlinum; tókust kveðjur þeirra með miklum kærleika. Gekk kóngur síðan til musteris. Var jarl leiddur ásamt kóngi þangað; lét kóngur halda þar kvöldtíðir guði til dýrðar. Síðan gekk kóngur til hallar og jarlinn með honum; settist kóngur í sæti sitt, en jarl lét hann leiða í óæðra öndvegi, sem var mitt frammi fyrir kóngi sjálfum; lét hann jarli mesta sóma gera með veizlu og virðing manna. Jarl var fálátur. Kóngur mælti: 'Eitthvað veldur komu yðar hingað til vor; þú munt hafa nokkuð nýtt að segja.' Jarl kvað svo mundi: 'Höfðingjar allir [á Frakklandi⁹ [á]samt öllum almúga óska yður lífs, blessunar og langrar æfi, og tjá yður skyldu sína, yður hlýðni, heiður og þjónustu að veita í gjöldum og greiðslu allrar þegnaskyldu.' Kóngur kvaðst gjarnan þiggja vilja, og kvað þeim til reiðu sinn kærleika, 'en¹⁰ hvað geymir heilsan höfðingja vorra meira?' Jarl mælti: 'Vorum hjörtum er angursamt orðið, þar vér sjáum, að elli þrengir að yður, og vér vitum, að yðar lífdagar muni enda taka svo sem annara manna, en sá er enginn í yðar ættum, sem þá megi kóngur í yðar stað verða, nær yður dauðinn kallar. Vér hefðum gjarna viljað fyrir þetta land kjósa, að þér hefðuð son eptir yður látið, sá yfir landinu hefði mátt kóngur vera, því líklegast er, að hann mundi sínum föður að dygðum líkjast. Nú hafa þar engin merki til sést, að þér hafið þeirra ráða leitað. Vildi eg yður þó í engu styggja, heldur auðmjúklega umbíðjandi minni viðleitni ekki að reiddast; vildi eg gjarna fá af yðar náð það vita, hvort yðar geðs alvara í engan máta verði tillagið yður drotningu að fá, er sóma mætti yðar tign og æru; svo ef þér viljið sjálfir kjósa, þá mundum vér yður þangað vísa, sem yður mætti til yndis og eptirlætis verða; því þó þér séuð nú til ára og aldurs komnir, þá hefur margur son átt, þann¹¹ er arf og stjórn hefur eptir hann tekið. Eg er, herra, óverðugur fyrir yðar augliði að standa [með þessum erindum, en með því allir landshöfðingjar kvöddu mig hér til, hvar upp á eg hef þeirra innsigli, þá varð eg til að verða.'¹² Kóngur sat samt að vistum¹³ glaður að yfirbragði, en gengdi þessu engu orði, sem hann það ei heyrt hefði, sem jarl sagði. Kóngur gerði hina ágætustu veizlu jarli í móti; sat hann þar viku í góðu yfirleti; var hann þó jafnan annars hugar, því hann pöttist enga ávísun fá um sitt erindi. Efi vildi hann það framar við kóng nefna, því hann óttaðist hans misþóknun þar úti. Kóngur tjáðist honum hýrlyndur og glaður. Beiddist jarl nú burtfararleyfis; [drakk hann sig svo til ferðar.¹⁴ Sýndi kóngur honum mikinn kærleika í góðum féggjöfum, og fylgdi honum sjálfur á hest með hirð allri. Og sem jarl og sveinar hans voru í söðla seztir, mælti kóngur:

‘Mér barstu erindi þau að eyrum, sem eg síður en gjarna¹⁵ heyra vildi, því þá eg var á æskutíma, féll aldrei hugur minn til kvenna; hvernig kann það nú að ske í elli minni? En af því eg veit, að skamt er eptir lífdaga minna og mínir trúlyndir þjónar tjá mér sína heiðran í þessari viðleitni, vil eg ei síður þeirra vegna en sjálfs míns viðleitast í sögðu efni þeim að þóknast. En af því þú ert erindis þeirra hingað kominn, skaltu vita, að þú munt þar fá vel fyrir að sjá að gegna andsvari mínu, viljir þú því blása í brjóst allra manna, eins þeirra sem hér nú eru, hingað koma eður fæðast kunna, að þar finni enginn að, hvað eg þar framkvæmi eður geri, annars skuli það háls og líf gilda; og máttu þessa lofan með þínum eiði við þinn háls og líf staðfesta.’ Jarl mælti: ‘Seint komu mér svör þessi, en líklegast er, að ei muni kóngur oss eður sjálfum sér neinnar háðungar leita, því flestir hafa sér hið bezta sjálfir kosið, hafi þeir mátt um ráða, svo sem þér [í þessu efni].’¹⁶ Lagði nú jarl höfuð sitt í veð með fullu eiðsatkvæði¹⁷ undir kóngs sverð. Síðan kvóddust þeir með miklum kærleika. Reið nú jarl að heimkynni sínu og sveinar hans allir. [Spurðu höfðingjar erindisloka jarls; brá mörgum í furðu,¹⁸ og gerðu margir misjafnar gátur til kóngs, en flestir gátu þess þó til hans, að hann mundi sér sjálfum sæmda leita.

III. kapituli. Nú hefst kóngur handa og bað fyrir sig að kalla múrverksmeistara, góða timbursmiði og þá bítæti smíðuðu; þeim bauð hann sín konunglegu hús niður að brjóta, og bað þá önnur betri upp að smíða, hvað þeir gerðu með mikilli kostgæfni; voru þau miklu betri, er þau búin voru, með miklu handverki vönduð, svo öllum [varð eitt að orði, er þau litu; lákti konungur þeim laun, er búnir voru, með miklum frjálsleika.¹⁹ Síðan lét kóngur til sín kalla þá menn, er bezt kunnu gull og silfur að smíða; þeim bauð hann sér veglega sæng að smíða, og vanda vel, af filabeinum og gulli kláru. Hann bað þá og líka að smíða öll þau þing, sem göfugri drotningu [bezt hæfa mundi og mætti²⁰; [bað hann þá, hver ein tvenn þing vera láta; skyldi þá ein öðrum betri vera.²¹ Fullgerðu þeir þetta allt að kóngsins vilja og færðu honum þing öll, þegar búin voru. Lét hann þetta höfðingjum kunnugt og sýndi gersemin. Kváðu allir, að þvílík mundi ei fundin verða. Leiddi kóngur þá út með góðum launum, [sem kjósa má sér.²² Síðast kvaddi kóngur til sín ágætustu skráddara og bauð þeim að smíða²³ ágæt klæði, sem vildustu drotningu sóma þótti, og skyldu þeir tvennan klæðnað efna, þann einn sem langt af öðrum bæri. Gerðu þeir öll skjótt að kóngs vilja; neyttu þeir hinna beztu tilfanga og skynsemi og færðu kóngi að fullgerðu. Var sá skráði allur af [skínandi silki, skarlati og purpara, og allur til skauta af íðelgulli lagður.²⁴ Sýndi kóngur tignustu mönnum gersimin; þótti kóngi samt öllum öðrum, að betri skráði mundi ei af konu borin verða. Lét kóngur þeim umbun í té eptir vilja sínum. Kóngur lét klæðnaðinn allan í kistu leggja. Síðan lét kóngur safna til borgarinnar vistum miklum af keti uxa, sauða og skógardýra, svo alsnægta þótti af víni og villibráð, svo öllum þótti furðu gegna. Síðan sendi kóngur bréf um allt landið allt að yztu endimörkum, með hverjum hann bauð öllum höfðingjum, fógetum og maktarmönnum, samt öllum vildarlýf á Frakklandi til sinnar brullaupshátíðar, hverja hann eindagaði, nær koma skyldi. Bjóst nú hver [með stórri virðing, hughreysti og kæti, og biðu í stórri

gleðivon²⁵ fagnaðardagsins. Og er tími var kominn, fóru þeir allir á stað og létu ei sinni ferð fyr en þeir komu til kóngsborgar. Hafði þá kóngur þrýða látið [dýru skrauti herbergi og stræti öll.²⁶ Gekk kóngur höfðingjum á móti með mikilli hugarkæti og sagði þá alla sér velkomna vera; voru þeir allir til sætis leiddir, hver eptir tign og burðum. Var þeim öllum mikil forvitni á að vita, hver drotning kóns vera mundi eður skyldi; spurði hver annan sín á milli, hvert drotningarefni kóns vera mundi; kunni þar enginn öðrum að segja og ei neina ráðgátu til að geta. Margar ágætar jómfúrur og höfðingbornar konur, þær [er ei voru útgefnar,²⁷ [á]samt mæðrum sínum, þenktu sig þann hlut eiga mundi kónsdrotningar að verða; því bjó sig ein annari betur sem mest verða mátti. Gerðist nú fólk fálátt af kónsins aðferð, því enginn þóttist dæmi til slíks vitað hafa, en kóngur var svo kátur og glaður, að hann lék við hvern sinn fingur.

IV. kapituli. Lögum hafði kóngur þann veg í landi skipað, að í hverju héraði hafði hann einn vitran mann sett, þann er alt það fé uppbæri, er guði átti að lúkast, hvort það var heldur [að gefa eður gjalda,²⁸ á hverju ári, og skyldu þeir svo marga fátæka menn til þess taka, af þeim er [á fátækt fóru,²⁹ þess að njóta, og átti með því fyrst þeim hús og öll föng að kaupa eptir því, sem þeir með þurftu. [Það var árlega, að kóngur gerði og gaf ölmusu³⁰ til fátækra. Hann galt öllum þessum embættismönnum kaup af sínu fé, því hann dauðasök við lagði, hver af fé fátækra fargaði, því þeir urðu honum af því glöggvan reikningsskap að standa. Þar gaf kóngur þeim fátæku eitt ágætt landspláss, þar er hægst þótti til als hjálpræðis; var þetta bygðarlag allnærri kónsborg við fjallbygð ofarlega á Frakklandi. Var þetta fátækra manna þorp mjög fjölbyggt orðið. Margur var þar misjafn til kyns og kosta, [greindar og grályndis.³¹ Bjuggu sumir í betra lagi. Á meðal þessara margbúa bjó einn gamall og elliðður karl, að nafni Hanuculus.³² Var hann jafnan við rekkju, en kerling hans lítt skárri; hafði þeim tvisvar af fátækt hjálpað verið með fyrsögðum hætti. Dóttur áttu þau eina, er Gríshildur hét. Sú bar fríðleik yfir allar konur, sem voru þá á Frakklandi, en að burðum og klæðum var hún þeim aumustu síðri, því hún klæddist daglega hærur og hálmþúskum, og með slíkum hætti vann hún foreldrum sínum daglega fóstur með jafnlyndi og þolinmæði. Var hennar daglega iðja, þá er hún hafði foreldrum sínum borð haldið, að reka föður síns geitur, sex að tölu, og eina kú til skógar; sat hún þar yfir þeim á daginn, svo eigi grönduðu villidýr hjörðinni, því eigi voru hjú fleiri í hennar föður húsi; bar hún þangað með sér vistir og vinnu sína; rak hún hjörðina heim á kvöldin aptur og vann að matvistum innanbæjar, því að móðir hennar var að burðum vanmegna. Margur [kom sér³³ þar illa í bygðinni og áttust opt ilt við sín í milli. Var Gríshildur frásniðin öllu því illa og hagaði svo ráði sínu, að allir unnu henni hugástum, því hún átti gott við alla. Nú víkur sögunni til kóns aptur, að hann á þriðja degi fyrir stinn tilteiknaðan brúðkaups hátíðisdag kvaddi með sér til ferðar mjög snemma morguns nú af þeim göfugustu höfðingjum og fjórar jómfúrur af mjög góðu slekti, ásamt öllum sínum sveinum. Var nú kóngur nokkuð annarlegur í geði, því hann heimti til als með valdi, sem hafa vildi; hlaut hver svo að vera láta og bjuggust allir sem hraðast kunnu. Var kóngur hið tignarlegasta búinn að

klæðum og reiðtýggjum. Eitt gott eass lét kongur sækja, það ágætasta verða mátti, með rauðum og hvítum lit; á það var söðull settur af filabeini, alla vega þrýddur kláru gulli, silfri og gimsteinum; beizli og gjarðir allar voru með sama hætti. Kóngur tók búning þann eina, er hann hafði smíðað látið, til þessarar ferðar.

V. kapituli. Þá kóngur var albúinn með fyrsögðum hætti, sté hann í söðulinn án stigreiðanna. Var það mjög snemma morguns, er kóngur reisti af stað og fylgd hans öll. Voru boðsmenn mjög víðeygðir og hímdu niður um hendur sér. Kóngur reið fyrir liði sínu og hélt á kórónu sinni, og er hann hafði klætt höfuð sitt, stefndi hann leið að bygðarlagi fátækra; lagði³⁴ hann hest sinn sporunum, með veldisstaf ríkisins í annari hendi en olíuviðargrein í hinni.³⁵ Allir höfðingjar, þeir er kóngu fylgdu, litu ygdum augum hver til annars; var þeim allilt í skapi, því þeir þóttust sjá, hvað verða mundi, að kóngur mundi taka sér drotningu hjá örmum húsangsmönnum, og mæltu sín á milli: 'Ei er ofsögum sagt af geðferðum³⁶ Valentinus kóns; þvílík dæmi munu ei heyrzt hafa, að nokkur kóngur hafi svo niðzt á sóma sínum eða svo stóra smán gert göfugu landi, að taka auma ambátt af foraktanlegu húsangarliði sér til ekta; eigum vér stóra skuld að Remund jarli, því hann hefur oss svo alla dauða sökum bundið. Er til slíkrar svívirðingar stór geðraun að vita, ef afkvæmi húsangsmanna skal yfir [börn vor boðin verða,³⁷ því opt reynast ættarfylgjur illa í móðurlegginn.' Samblésu þeir allir með sér, að samtali þeirra enduðu, við kóng að skilja, og riðu með illum hug til borgar aptur og heimtu með sér lið sitt og héldu í héröð sín. Kóngur gaf sig ei um burtför þeirra. Sveinar kóns voru með honum og jómfúrnar. Létti hann ei fyrri ferð sinni en staðar nam hjá húsi [Hanuculus karls.³⁸ [Var bygð sú, er karl átti, lotleg að ræfri og að anddyrum. Ei voru þar fagri veðurvitar.³⁹ Það var mjög snemma morguns áður fólk var risið upp. Sté kóngur sjálfur af baki og drap veldisstaf sínum þunglega á dyrnar; kom dóttir karls, er fyr var getið, til dyranna í sínum fátæklegum búnaði, þá kóngur hafði litla hríð úti staðið. Kóngur heilsaði henni með mikilli blíðu; tók hún kveðju kóns vel og sæmilega sem tignum herra sómdi. [Ekki þóttust sveinar kóns skynja, að honum gæfist að hugarfari.⁴⁰ Þagði kóngur um hríð. Gríshildur mælti þá við hann: 'Eg spyr yður ei að heiti, herra, því brjóstvit⁴¹ mitt hyggur, að þetta muni kóngur vor, þar þér standið, og ber nú eitthvað til nýlundu.'⁴² 'Svo mun það vera', sagði kóngur, 'og mun erindi vort ei lengi að geyma; og er það erindi mitt til bygða föður þíns, að eg vil þeirra sæmda⁴³ til hans leita, að fá þig að réttum landsins lögum og kennimanna⁴⁴ siðvenju mér til drotningar í almennilegum ektaskap; bið eg þig mér að segja, hversu þér er geðlagið þetta.' Gríshildur mælti: 'Ekki er eg svara kunandi og biða muntu, kóngur, verða andsvara minna.' Kóngur kvaðst það gera mundu. Gríshildur þagði nú langan tíma og starði á hann beint, og sagði síðan: 'Ei sæmir það göfugleik þínum að færa dár eður hæðni mér til handa. Eg veit vel af makt þinni, að þú hefur vald til, ef þú vildir neyta, að taka mig í rekkju þína, svo eg mætti þín frilla nefnast, hvað mínir líkar mundu heiður halda; en þvílíkar sæmdir girnist eg ei, því ei er sá heiður hreinlífi betri.' Kóngur mælti: 'Þessi andsvör hugnast mér, því eigi munu margir þínir líkar; en

það er mér [eiginlegast og allrakærast,⁴⁵ að þú segir mér ljósan vilja þinn að vísu og vana [kristinna manna,⁴⁶ hvort þér sé geðgreitt að neita eður játa mínum tengdum. Eg skal þér enga ósæmd gera, heldur heiður og sóma, það eg má að mér framast lífs og liðnum.' Gríshildur mælti: 'Vandabundin er eg í slíku efni, þar mér er slíkur sómi boðinn af guði og mönnum, en eg kvíði mínu vizkuleysi að mæta yðar göfugheitum, og þér vitið, að eg má mig ei sjálf gefa í þessu efni; set eg öll ráð í guðs vald og foreldra minna; munu þau hljóta um þetta fundin að verða.' Kóngur gerðist als hugar glaður og bað hana að kalla á föður sinn, en hún mælti: 'Ei getur faðir minn rekkju brugðið; viljið þér hann finna, munu þér verða að senda sveina yðar til hans.' Kóngur mælti: 'Sjálfur mun eg inn ganga.'⁴⁷ Gekk nú Gríshildur undan í herbergi föður síns; fylgdi kóngur henni og studdi hún hönd kóningsins alt þar til hún fylgdi honum að rekkju föður síns. Gaf⁴⁸ hún föður sínum góðan dag, en hann játaði því og leit undan rekkjuvoðum, og fékk honum það mikillar hræðslu, er hann sá þvílíkan gest í húsi sínu; varð hann svo óttasleginn, að augu hans stóðu sem [komin voru,⁴⁹ og ei þorði hann að láta andardrátt sinn heyrast. Kóngur kvaddi hann góðum orðum og bauð honum góðan dag, en karl sætti því engu orði, og leið svo um langa hríð; var karl ýmist blár eða rauður. Studdi kóngur hægri hönd sinni á öxl Gríshildi og mælti til karlsins: 'Óttalaus⁵⁰ máttu vera um líf þitt, því ei er eg hér kominn þar til, að eg þér neinn voða eður lífsfár veita vilji, og ei muntu pekkja, hver eg er, en heyrt muntu hafa getið Valentinus kóngs á Frakklandi, og bera nú forlög til funda okkar, því við erum báðir gamlir orðnir. En þau eru erindi mín til þín,⁵¹ vinur, að eg vil fá dóttir þína mér til drotningar að guðs og þínum vilja; vildi eg engan því til þín⁵² senda með erindi þessi, svo þú vissir í þessu alvöru mína, að eg þættist þér ei stærri í þessu efni. Vil eg og þolinmæði hafa eptir andsvörum þínum að biða.' Skaut nú karl ygdum augum⁵³ og svaraði eptir þögn langa: 'Til annars hefðir þú átt hingað að koma en hæða að mér og ljúga að mér nafn þitt, því að aldrei hafa það góðir kóngar gert að hæða að fátækum og aukum mönnum, og víst mun það ei drottinn strafflaust pola, þar einn gíkkur gerir að vesölum mönnum dár og lygar.' Kóngur poldi alt þetta með blífölyndi og tók kórónuna af höfði sér og setti á hægri hönd Gríshildi, svo karl skyldi pekkja sig betur. Þóttist karl kenna nú Valentinus kóng að yfirlitum; mælti hann nú mjög stutt og drusslega til kóngs: 'Dáraskap má þetta halda að látast biðja stelpunnar. Hvar er þá kóngamaktin? Þú þykist ei mega⁵⁴ ráða lífi mínu, sértu sem þú segir sjálfan þig, auk heldur barn mitt að taka handa náðhúspénara þínum, þó alt hefði mér það á móti skapi verið.' Kóngur mælti: 'Vita skaltu, vinur, að alt hef eg þetta af alhuga talað og látið í ljósi minn eigin vilja, að dóttur þína vil eg gjarna með þínum ljúfum vilja fá mér til eignar, og bið eg þig andsvar að gefa, sem þér geöfeldast er, því eptir þeim hætti, sem eg hef minna forfeðra lögmál geymt um ektamálsgreinir, [skulu í allan máta óskertar⁵⁵ standa okkar í milli.' Karl mælti: 'Ofheimskur er kóngurinn; hver hefur dæmi til þess vitað? En ekki ber mig furða á þessu; þekti eg fyrsku⁵⁶ og þverlyndi þitt; eða meinar þú, að ekki muni þessi athöfn hins versta ámælis verð vera á meðal höfðingja hér á Frakklandi, og ei þó síður hjá öðrum

göfugum kóngum muntu að forsmán og háði hafður verða, en vinum þínum að geðraun. Og vildir þú ráðum fylgja eður hlýða, þá skyldir þú hvorugum okkar auka slíka geðraun, sem hér má af standa.' Kerling mælti nú við efri síðu karlsins: 'Vita skaltu, félagi, að öll gæfa kemur frá guði einum. Hver skyldi þá svo heimskur vera, að ei þiggja vildi, þá að höndum berst eður boðin verður? Því víst má okkur þetta til heilla standa. Eg veit fyrir víst, að kóngur mun ei [vanvizku eður vankunnáttu á fjöll upp færa.⁵⁷ Því mun þér best að láta þeim þetta í sjálfraði, sé henni þetta um geð lagið, þó svo að kóngur sjái fyrir lífsbjörg minni og beggja okkar, því hann beiðist Gríshildar, sem er okkar aðstoð.' Karl mælti: 'Alljafnt eruð þið athlægissamar konurnar. Þú hyggur okkur líðsinni í þessu, en hvorki mun okkur greiði né gaman að verða, utan angur að meira sé.' Þá mælti kerling: 'Þá mætist heimska þín og athlægisskapur minn, því þú mælir til fíflum líkari, að firra dóttur þína framboðinni sæmd, sem henni er þó af guði fyrir ætluð.' Þá mælti karl: 'Sé ykkur þetta alhugað, þá ráðið þið,' rétti síðan fram höndina þegjandi; var hún þreksöm⁵⁸ og þefill. Kóngur gekk að, og tók í hönd karlsins og mælti: 'Í þann máta játa eg föstum tengdum og [fullu ektaskapar jáyrði við dóttur þína,⁵⁹ að halda hana í svo stóru ástríki, æru og heiðri, sem einum kóngi sómir sinni ektadrotningu að veita.' Karl mælti: '[Þá er eptir að enda, þegar lofað er.'⁶⁰ Kóngur skildist við hönd karlsins, að teknum festum af honum, og setti kórónuna á höfuð sér, dró gullhring af sinni hægri hendi og lét hann á hönd Gríshildar og mælti til hennar og sagði: 'Í þann máta gef eg þér hring þenna, að þú vitir, að eg gef þér hérmeð minn endalausar kærleik og vináttu og trúfesti, svo hvað er bresta kann á fyrir þér, á reynd eða greind þína, sem ei skeður af [ásettum vilja,⁶¹ skal fyrir öllum hulið vera, sem í brjósti sjálfs míns skeð hafi. En eptir þinni trúlofunargáfu⁶² er ei að vonast og vil eg því með góðu gegna; þinn hreini kærleiki er mér betri en miklar gersimar. En vita skaltu, að nokkru muntu mér til trygðagáfu lofa verða. [Gríshildur mælti: '⁶³ Hvað getur það verið, herra? Því eg stend svo sem nýkominn frá móðurlífi.' Kóngur mælti: 'Það þú lofir að gera það eg bið og finna í engan máta að því, er eg geri.' Gríshildur mælti: 'Það, sem lofað er, útheimtir skyldan, en þér látið mig vita, þegar af er brugðið.' Og í þann máta bundu kóngur og Gríshildur trú sína.⁶⁴ Síðan bauð kóngur að slá upp tjaldbúð og bauð jómrúnum að búa eitt velluktandi bað og skipaði þeim að gera hreinan líkama drotningar og fékk þeim skyrtu af skínandi silki og kyrtil gulli lagðan og bauð þeim að klæða drotninguna með þessu. Þótti þá öllum til að líta, er hana sáu, að engin mey mundi fegri fæðast. Og hár hennar náði að beltisstað. Hún var meðalstór að vexti og þrýðileg að líkams burðum. Stóð kóngur fyrir rekkju karls, meðan þetta gerðist. Leiddu jómrúrnar drotningu til kóngs aptur í húsið. En er karl sá dóttur sína, brosti hann og mælti: 'Ei gef eg þér það, sem þú ber til félags þíns; það hefur guð gefið þér; en klæði þín vildi eg gjarna þiggja, sem þú hefur hjá mér haft, því hugur minn segir svo, að þú munir þeirra við þurfa, þó síðar sé.' Kóngur bauð henni það gera. Lagði kóngur yfir Gríshildi dýrindisskykkju [af klára gulli,⁶⁵ og setti dýrlega kórónu á höfuð henni, með dýrmætum gimsteinum og forkostulegu gulli, og alt hið bezta skraut á

hendur og fatur [á]samt öllum drotningarlegum skráða. Hann bauð henni að kveðja⁶⁶ sinn föður og móður, og fékk henni gersimar og gáfur til að gleðja með sína foreldra í viðskilnaðar kveðju. Faðir hennar blessaði hana, en móðir hennar sagði mörg og hin beztu heilræði. Bæði kysti hún þau og fékk [kóngur] þeim forverksmann⁶⁷ í nauðsyn þeirra, og kvaðst hann sjálfur kosta skyldi það um varðaði. Kerling tók gáfur dóttur sinnar og gerðist harla glöð. Kóngur leiddi sjálfur drotninguna úr húsi föður hennar og setti hana sjálfur í söðulinn, sté síðan á bak og sótti leiðar sinnar til borgar með allri fylgd sinni.⁶⁸

VI. kaþtuli. Frá því er nú að segja, að kóngur kom heim til borgarinnar með drotningu sína. Voru þá boðsmenn margir í burt farnir, þó meiri fjöldi væri eptir. Voru allir boðsmenn, þeir eptir voru, og borgarlýður umhverfis alla turna og borgarmúra komnir til að sjá kóns festarmey; veittist það⁶⁹ nú öllum, er líta vildu. Sögðu allir hana hið mesta afbragð til álits og blóma. Tók nú [hird kóns]⁷⁰ með mestu virðingu og gleði á móti þeim báðum. En tignarlýður, er hann fékk að vita kynferði drotningar, varð afhuga allri kæti og heimti til sín alla menn sína og stukkðu í burt frá kóns boði til sinna heimkynna og báru stóran trega í brjóstum sínum af slíku efni, þar þeim þótti kóngur landinu stórrar smánar leita með giptingu sinni, en svívirðu sjálfum sér gera. Varð nú kurr ei allfíll til landinu af þessu. Gaf nú hver öðrum sök um upptektina. Var nú við sjálft búið, að þeir mundu láta Remund jarl gjalda á fé og fjöri sínu, en óttuðust þó kóng, að hann mundi hefnda leita, ef Remund jarl skaða fengi af þeirra aðgerðum. Kóngur gaf sér⁷¹ allfátt um, þótt boðsfólkið burtu færi; lét hann sitja brúðkaup sitt með beztri virðingu, gekk sjálfur til hallarinnar og settist í sæti sitt. Sagði hann þá alla velkomna, er þiggja vildu. Var þar fjöldi ótignari manna og almúga. Remund jarl var og líka að veizlu kóns. Dáðist hann og allir [lendir menn,⁷² er þar voru, að sóma og siðferði drotningar; var hún sett gagnvart kóni. Þéntu henni hinar tignarlegustu konur og mikill fjöldi meyja af góðu slekti. Höfðingjar kennimanna voru þar hinir göfugustu. Þeir gáfu vígslu kóni og drotningu með ferming og fórnargerðum að alsherjarlögmáli, og leiddu síðan drotningu í hvílu kóns [að kvöldi komnu. Brúðlaup kóns stóð⁷³ þrjátíu daga og hafði þar hver að kostum, sem kjósa vildi. Sótti fátækur lýður til borgarinnar á þeim tíma; voru þeim herbergi skipuð og als háttar nægtir og gáfur gefnar, svo enginn girntist framar. Og að brúðkaupsprotum sæmði kóngur boðsmenn alla ærnum gjöfum, hvern eptir því, sem hann var maður til. Remund jarl reið síðast af kóngsgarði. Talaði hann margt við kóng um ámælisefni vildarmanna kóns, er þeir færðu kóni á móti, en kóngur sagði þeir það pola skyldu, því flestra ofsi sefaðist um síðir. Skildu þeir enn nú með mestu blíðu. Kóngur fékk drotningu sinni ráð og stjórnan alla, sem tiginborinni drotningu vel sómði. Gerðist hún hirðinni allri geðfeld og umgekt sitt embætti með stórum forsjálleik, svo öllum þótti furða á. Hún gerði sig öllum jafna, eins þeim minsta sem þeim mesta, með glaðværðu lítillekti og hógværð. Hún tjáði hverjum manni stórar góðgerðir, sérhverjum eptir þörf og persónu. Nær kongur hélt leiðangur og ferðir, forstöð hún svo vel hans kallan sem sína. Fékk hún lof allra

manna. Sefaðist mjög lunderni⁷⁴ höfðingja, er þetta af henni heyrðu, og léttu nú ámæli á kóngi og sögðu hann öðrum kóngum að viti fremri og vonlegt vel, að gott tré mundi góðan ávöxt færa.⁷⁵ Kóngur og drotning héldu sæng sína og [samfarir fyrir kærleika⁷⁶ svo enginn varð ángurs eður ama tími þeirra á milli. Gerðist þeim samhvílan ávaxtarsöm. Sást nú drotning af [barni⁷⁷ punguð, og að skömtuðum tíma fæddi hún meybarn, föðurnum líkt að höfðingsskap, en móðurinni að fegurð og fríðleik. Var það kóngi⁷⁸ af ljósmóðurinni í skaut borið, að hann því nafn veitti. Prestahöfðinginn, sem vildastur var í borginni, veitti barninu skíru og feringu. Var hennar nafn Ingilát kallað eptir föðurmóður sinni. [Hélt kóngur ártíðisdag dóttur sinni⁷⁹; gaf hann fólki gáfur og skenkingar á hennar skírnardegi, en engar gáfur vildi hann pigga barninu til handa. Drotningu lukkaðist vel sængurförin; þéntu henni ágætar höfðingskonur, hverjar hana og af sæng leiddu, þá tími var til kominn. Lét hann⁸⁰ halda fólkinu veizlu. Kóngur skikkaði drotningu stórar gersimar mönnum til gjafa á þeim degi, er hún brá sængurlegu; fékk [það drotningu mikinn kærleika.⁸¹ Sama lét kóngur gera, þá drottning hreinsaðist [af meðgöngunni.⁸² Kóngur og drotning untust nú með bezta [eptirlæti alt jafnt,⁸³ og í öllu því drotning þóttist þurfa ráða til, neytti hún engra ráða nema kónsins. Hafði kóngur stóran kærleika á henni. En sem liðnir voru fjórtán dagar frá kirkjugöngu⁸⁴ drotningar, fékk kóngur sinnaskipti, svo að hann mælti ekkert orð hvorki við drotningu né aðra, svaf og neytti alllítils. Og þá það hafði í marga daga á kóngi aukizt, gekk Gríshildur drotning á kónsfund og mælti til hans af kærleiksfullu lífllæti: 'Hvað hryggir yður, herra góður? eða kemur slíkt af mér til? Látið mig fá að vita, ef svo er í nokkurri grein. Eg skal gjarna að gera, því als vil eg til kosta, að yður mætti rósamt verða.' Kóngur mælti: 'Ei kemur það til fyrir þínar sakir, Gríshildur, og í engan máta ertu að því völd, heldur fær mér það hugarangurs, að landsmenn mínir allir eru mér fráhorfnir orðnir og hata mig fyrir það, eg tók þig til ekta. Þó hefur þeim aukizt hin mesta grimd í brjósti til mín, síðan þeir spurðu barnsfæðingu þína; kveða þeir ríkinu svírvirðing gerða, ef að þíns föður afkvæmi skal hér kóngur verða. Hér fyrir neyðist eg [til] mitt barn lífi að svipta, þó eg viti ei, hvort kjósa skal mitt líf að láta sjálfur; mundi eg það heldur gera, ef eg vissi barnið nyti ríkisins og auðæfanna; þó skal þínu ráði fylgja, því án þíns vilja skal eg það ei gera, heldur láta það þess böls bíða, sem verða vill.' Drotning mælti: 'Það eitt hafði eg fyrir barni þínu að bera það fyrir brjósti mér og í heiminn að fæða; er eg og barnið í guðs og þínu valdi. Heldur vil eg [tíu barna líflát en yðar eitt;⁸⁵ þó tilskil eg það, að eg sé saklaus í barnsins blóði.' Kóngur játaði, að svo skyldi vera. Hugði kóngur vandlega að drotningu, hvort hana tregaði þetta í engu; sá hann þar engin líkindi til, að hún skipti í neinu geði sínu. Kvaddi hún kóng með beztu blíðu og gekk síðan til síns herbergis. Kóng furðaði á geðstillingu drotningar og komst aptur til sjálfs síns.

VII. kaþtuli. Á meðal sinna stríðsmanna átti kóngur einn aldraðan og ráðstiltan⁸⁶ stríðsmann Alort⁸⁷ að nafni. Hann var hinn frægasti og sigursælasti og bezt að sér um allar ípróttir. Kóngur þekti hann að miklu

trúlyndi. Þann sama heimti kóngur fyrir sig og kvaddi hann á einmæli. Kóngur mælti til hans : 'Þú skalt ganga strax á þessum degi til drotningar minnar og segja henni, erindi þitt sé barn mitt að sækja og það að lífláta, og þó þú sjáir drotningu hryggjast eður styggjast við þetta, þá skaltu barnið samt með valdi taka, annars gildir líf þitt, ef þú gerir ei svo; og þú skalt færa mér barnið, áður þú líflætur það. Hér [ganga mér⁸⁸ prautir til.' Við þetta dapraðist stríðsmaðurinn og leit ygldum augum til kóns; daglega var hann gyrtur sverði, því hann var yfir öðrum stríðsmönnum til að hegna óbótamönnum og verja landið fyrir ófriði þeim, er að sótti. Gekk hann mjög bistur og dapur frá kóni alt í herbergi drotningar. Hélt hún barni sínu og lét það sér á brjósti liggja. Alort kvaddi hana, þó óblíður væri, og mælti : 'Hætta máttu barnalátunum. Svo skipar kóngur mér, að eg skuli barn þitt taka og lífláta, því annars gildir líf mitt.' Drotning kysti nú barnið og signdi það; síðan vaði hún barnið í silkidúk og lagði það í hans hendur og mælti : 'Saklaus er eg í blóði barnsins, en sjáðu, vinur, svo fyrir, að hold barnsins éti hvorki dýr né fuglar.' Hann jataði því og tók við barninu; gekk svo úr herberginu og stóð fyrir dyrum úti, því hann penkti drotning mundi stórlega angursöm verða. En þær konur og meyjrar, er barninu þjónuðu, grétu stórlega af því líkum atburði og ámæltu kóni stórlega fyrir illverk sitt, en það vildi drotning, hvorki heyra né líða, og sagði þær þar engu um skipta, því kóngur hefði makt til að gera, sem hann vildi,⁸⁹ og þó ilt væri og órétt; mundi hann sjálfur sinna verka gjalda, en aðrir ei. 'Eg mátti ei verðug heita móðir að kallast, því eg veitti ei þá hlýðni foreldrum mínum, sem mér var af guði boðið,⁹⁰ því eru mér þessar skapraunir af honum maklegar og skulum vér aptur glaðar gera oss.' Gaf hún þeim minnisöl eptir dóttur sína. Alort gekk frá drotningu með barnið. Kóngur var í þeim sama stað, er [þeir aðskilið höfðu.⁹¹ Frétti kóngur hann að, hversu drotning hefði við barnið skilið eða hvort hana hefði þetta hrygð kostað. Hann sagði honum alt af andsvörum og atferli drotningar og mælti, að fáir mundu hennar líkar finnast. Kóngur kvað það satt vera. Kóngur mælti þá til Alorts : 'Þig hef eg einn trúastan fundið minna þénara, því læt eg brjósti þínu vitanlegt, að það er ei mín hyggja, að barnið sé líflátið, heldur að eg geri höfðingjum vorum og landsmönnum kunnugt, sem mig hafa óvirt en drotninguna lastað, hver geðgæði henni eru lánuð, þar hún mætir slíkum skapraunum af mér.⁹² [Ei mundu þeir mér því líka kosið hafa.⁹³ Þú skalt nú ferðast með jómfuruna til Rómaborgar með bréfi mínu og sjá svo til, vinur, að vel um fari. [Einn greifi er þar borgari til Róm;⁹⁴ honum var systir mín gefin, sem mörgum árum yngri er en eg. Þeim skaltu barnið færa, og sjá til, að enginn viti það, að barnið sé í þinni ferð, og engum skaltu þar neitt af segja; annars gildir það líf þitt.' Alort varð nú als hugar glaður og festi sína reisulofan og erindi með fullum eiði. Flutti hann nú barnið fyrst til síns heimilis og lét því að fullu borgið [á tilreið-ingartímanum;⁹⁵ svæfði hann það með náttúrusteinum og meistaralegri kunnáttu, lét það í einn lítinn stokk og stegldi⁹⁶ húðfat um, skipti klæðum sínum sem pílagrímur, lagði kistilinn á herðar sér og dró svo landið í gegnum. Njósnadi enginn um⁹⁷ ferð hans, en þá að erindi var spurður, sagðist hann til Róms ætla, að fórna þar fyrir sálu sinni; lofuðu allir hans

áform og sögðu gott vera. Segir ei af hans ferðum fyr en hann kom til Rómaborgar. Fann hann þá greifann og hans húsfrú, bar þeim bréf Valentinus kóns og fékk þeim barnið í hendur; en svo leyt höfð þau það, að enginn fékk vitað í þeirra húsi, að barnið kæmi⁹⁸ þangað. Lagðist [greifans húsfrú⁹⁹ í gras og lézt barnið fætt hafa; skeði þetta á nætur tíma; vissi þetta enginn nema ein gömul kona, sú henni þénti, hver og hennar fóstura verið hafði; urðu þær báðar samhuga¹⁰⁰ í orðum og gerðum um barnsins fæðingarsögu. Kerling sagðist barnið skírt hafa skemri skírn, því barnið hefði verið með litlu lífi, þá fæðzt hefði. Vissi enginn annað sannara en húsfrú greifans hefði barn alið. Hélt jómfurðin sínu sama nafni. Alort dvaldi þar nokkra hríð og gaf fórnir til höfuðmusterisins í Róm að siðvenju pílagríma. Leystu þau hann út með stórum féggjöfum, er hann í burtu reisti. Fór hann í Frakkland aptur og fann Valentinus kóng og sagði honum af ferðum sínum, hversu tekizt hefði. Kóngur pakkaði honum trúlynda þjónustu.

VIII. kapituli. En er landsmenn spurðu tíðindi þessi, að kóngur hefði látið drepa dóttur sína, urðu þeir kóngi mjög ámælisamir, og sögðu hans líka ei finna mega, er svoddan óhæfu gerði; alvara væri kónginum að láta landið stjórnarlaust eptir sig,¹⁰¹ og hann gerði eina svívirðing eptir aðra. Höfðingjadæturnar sögðu, þetta væri að eiga Valntinus kóng og mikil ofraun¹⁰² væri gerð ágætri drotningu. Gekk þetta ámæli um langa hríð, því enginn vissi hér annað um og ei heldur Gríshildur drotning. Sýndi hún kóngi sem áður hinn bezta kærleika og brá ei [neinu af uppteknum hætti,¹⁰³ hvorki við kóng né aðra. Vard nú drotning punguð að barni í annað sinn. Fæddi hún sveinbarn á skömtuðum¹⁰⁴ tíma; var það [mjög ágætt að líta,¹⁰⁵ nefndi kóngur það Baldvin eptir föður sínum. Í öllum greinum hagaði kóngur sér á barnsins fæðingartíma sem áður fyrri, er hitt fæddist; svo og líka hagaði hann öllum háttum og aðgerðum sem áður af sagðist, að hann lét Alort flytja þetta barn til Róm. Neytti og Alort allrar sinnar kunnáttu sem áður fyrri með reyndri trúfesti, svo og líka greifinn og hans húsfrú með vitund fósturu sinnar; ól hún svo bæði börnin upp, að allir hugðu hana þeirra móður vera, og ei vissu börnin annað, og ei heldur Gríshildur drotning. Brá hún ei af sínu ljúflynði sem áður, hvorki við kóng né aðra menn, heldur var hún því ljúfari sem meira þótti á ganga, svo allir þeir, er það heyrðu eða sáu dádust að hennar [polinmæði og trúfesti;¹⁰⁶ var hún af hverjum manni prísuð,¹⁰⁷ og þó gerðist hún sorglát mjög; hélt hún samt sínu ljúflynði. Eð er getið, að hún fleiri börn hafi átt. Kóngur unni henni ágæta [vel og lét alt í daglegri höndlan eptir hennar vilja.¹⁰⁸ Og sem Gríshildur drotning hafði verið fjórtán ár í kóngsgarði, á hverjum ekkert annað til bar en nú var frá sagt, en á fimtánda¹⁰⁹ ári hennar þarvistar brá kóngur sinni sínu; gerðist hann svo hljóður og fálátur, að hann gengdi nær engu¹¹⁰ til nokkurs orð, og ei klæddist hann sínum kónglegum búnaði og ei hélt hann samsæng við drotningu. Þetta fékk drotningu¹¹¹ mikillar sorgar; gekk hún með ángursfullum huga á kóngsfund og spurði: 'Hvað veldur sorgum yðar, herra? Ef það kemur [fyrir mínar sakir¹¹² bið eg yður það mér segja, svo eg megi þá ráð mitt bæta, en nú mun ei að sturlast við barneign¹¹³ mína.' Kóngur svaraði henni blíðlega

og sagði: 'Ei kemur það til af þér, heldur af landsmönnum mínum, því þeir hafa mig rægt og ófrægan gert fyrir herra keisaranum, tilreiknandi mér það fyrir háðungarverk, að eg tók þig til ektadrotningar; hefur hann þeim samsinnandi orðið að reikna mér þetta til dauðasakar; hef eg þar um hans bréf fengið nú fyrir nokkrum tíma, og skipar hann mér í bréfi sínu, ef eg vilji lífi halda, þig í burt að láta frá rekkju minni, þó gefandi mér slíka náð, ef eg þetta geri, sína dóttur til eignar að taka; og veit eg liðshöfðingjar fyllast stórs fjandskapar við mig, ef eg vinn það til ástar þinnar að skiljast eigi við þig; en þó er það mest á móti mínu geði og hjartans vilja að skilja hjúskap við þig, en án þíns vilja geri eg það í engan máta.' Bréfið sýndi hann drotningu og birti henni sérlegast af því, hvað burtför hennar áhræði. Gríshildur mælti nú til kóngs: 'Ekki skaltu það til mín vinna né minnar hérvistar að setja líf þitt í veð og segja nei því sæmdarráði, sem þér nú býðst. Eg skal með ljúfum vilja í burtu fara; eg á einhvern tíma við heiminn að skilja fátæk með því móti, sem eg kom frá móðurlífi; því er það best, að eg leggi hér til ljúfan vilja, [því sá er ei viðskilur fyr en hann verður, sá fer nauðugur.¹¹⁴ Mér hefði verið skyldugt þakkir að segja þar eg hefði næturdvöl haft í góðu eptirlæti; hvað miklu framar skyldi eg þá guði og yður þakka, að eg hef hér í nær fimtán¹¹⁵ ár verið, í yðar kærleika og eptirlæti dvalið. Og þó eg vildi hér kyr við dvelja og skyldi það yðar líf kosta, þá yrði mér það enn stærri hörmungarauki, svo mínar eignir yrðu þá ei eptir þig nema eymdir einar, heldur vonaði mig til yðar kærleika, ef lífi hélduð, að þér munduð mig ei gjalda láta fávíslegrar¹¹⁶ umgengni minnar, allra sízt blóðtengdanna. Þó gerið þér sem yður líkar, því hver einn leitar sér heiðurs og vanheiðurs með sínum eigin verkum. Eg skal í burt þá þér til segið.' Þetta var snemma morguns, er kóngur og drotning áttu þetta samtal. Ei þóttist kóngur skynja né hans höfðingjar,¹¹⁷ er með honum voru, að drotning talaði nokkurt orð af trega eða þjósti. Snéri kóngur andliti sínu frá drotningu um langa hríð og grét, svo tár runnu um andlit hans; þó duldi hann það, svo menn sáu ei, utan hvað þeir formerktu. Gríshildur mælti: 'Látið þér yður ei þetta hryggja, herra kóngur, og setjið þér fyrir yður dauðans ótta og von góðs eptirlætis heldur en burtför mína. Þér segið mér nær vera skal.' En hann sagði: 'Það mun hljóta í dag að ske.' Gríshildur drotning gekk frá kóngi og færði honum aptur fjárhluti þá alla, sem í hennar geymslu verið höfðu, svo og líka lykla að hirzlum og herbergjum, og spurði, til hvers hann heimti framar. Kóngur mælti: 'Sjálfri þér mun kunnugast með hverjum hætti þú komst til mín.' Af þeim orðum þóttist Gríshildur skilja og vita, að kóngur mundi klæði hennar kalla. Þá mælti Gríshildur: 'Víst sóma¹¹⁸ ei hífýlum föður míns klæði þessi, því þangað mun eg víkja.'¹¹⁹ Síðan afklæddist drotning og var nú nokkuð sorglát og margir lýðir¹²⁰ með henni, þeir er uppá hennar reynd¹²¹ sáu eða vissu. Var sá enginn, að ei aumkaði hana. Skipti hún stygðarlausum orðum við sérhvern mann, þó grátin væri. [Talaði hún svo til þeirra: 'Betri er vísvitandi skaði, því [við] honum kunna bætur að gefast, en bráður og hastarlegur dauði þeirra, er veröldin vel lætur, og grátið ei,' sagði hún.¹²² Lagði hún klæðin fyrir fætur kóns með kærum pingum öllum; stóð hún því nær nakin fyrir kónsborði, nema hennar brjóst og líf

huldi lítill línkýrtill; runnu tár um kinnar hennar. Þá mælti hún án stygðar til kóns: 'Meira má yður en mér minnkum dæmast af burtför minni. Vildi eg ei hingað til þess komið hafa, að þér hefðuð neina ósæmd af mér hlotið, þá sem [um] yður mætti segja svo lengi, sem yðar verður getið (hvað endilega mun þó ske til heimsins enda), skuli eg með þeim hætti í burtu [fara; því ekki mun sá dómur¹²⁸ fyrir [guði réttisýnn,¹²⁴ það eg skuli minn heiður bótaalausn hafa, hvern eg kostaði við líf mitt að forvara í yðar hendur.' Kóngur mælti: 'Jafnkomíð mun vera á með okkur um heiðurinn, en sá var okkar mismunurinn, að eg leitaði þín, en þú mín ei. Því talar þú satt, og undarleg er skynsemi þín.' Fékk kóngur henni eina línskyrtu og lítinn kyrtil af rauðu skarlati að klæða sig með, en þer var hún á höfði og fótum. Síðan létti Gríshildur drotning treganum og gekk fólk að kveðja alt frá þeim hinum minsta til þess mesta, þá í daglegri hirð kónsins voru. Var enginn svo harður, að tárum heldi við kveðjur¹²⁵ hennar, en hún talaði mönnum til kæti um gæfu Valentinus kóns, sem fyrir hendi væri; var hún nú ógrátin. Síðast gekk hún fyrir Valentinus kóng að kveðja hann. Kóngur gekk af sæti sínu og fylgdi henni úr höllinni alt að borgarportunum, og lagði hendur sínar um háls Gríshildi og grét mikillega; fékk það mörgum trúnað, að nauðugur mundi kóngur við drotning skilja, þeir er áður hugðu, að þetta mundi vera keskni. Bæði grétu þau mikillega að skilnaði. Það kóngur hana uppgjafa á gerðum sökum, en hún kvað kóng sáttan við sig; þakkaði hún honum sæmdir og ástir allar. Mintust þau hvert við annað mörgum sinnum að skilnaði, og svo skildist hún við kóng. Fékk hann henni til fylgdar eina aldraða konu, er drotningar ráðgjafi hafði verið og trúasti vinur, og nokkra skjaldsveina að fylgja henni í hennar föðurhús. Lífðu feðgin hennar, er hún pangað kom. En er karl sá dóttur sína, brá honum furðu við og spurði, hverju gegndi, en Gríshildur svaraði þar ekki til né hennar fylgjarar.¹²⁶ Karl kvaðst ei mundi þurfa að spyrja að því; hann mælti, að hugur sinn segði sér, að kóngur mundi hana hafa í burtu rekið; svo mættu menn eptir honum lýsa. Ámælti hann kóngi nú mjög. Gríshildur það föður sinn að gera það ei, og sagði: 'Svo mikinn góða hefur þú af kóngi þegið, að hann er annars verður en ámælisins.' En karl var því styggðorðari og ámælti kóngi þunglega. Kerling varð bist og mælti til hans: 'Þú hagar þér sem heimskir dárar,¹²⁷ sem ei kunna að sjá sóma sinn. Ef við hefðum vit á, þá mætti okkur kæta það, að í lífssögu kóns sett verður það okkar dóttir hafi drotning kóns af Frakklandi verið í fimtán¹²⁸ ár; þess annars, að hún forstöð¹²⁹ með sæmd og heiðri sitt embætti; líka og einnig þess, að hún er ei neinnar ódygðar sakir í burtu rekin; ætti okkur það gleðilegra að vera lofstír sá, sem hún hefur hlotið, heldur en þó hún hefði ríkt þar lengur með illu nafni. Svo og er það okkar heiður og vegsæmd, hvers lengi¹³⁰ mun í framandi löndum getið verða, það að við aumingjarnir okkar höfum kónglegt fóstur kóns haft uppi fjórtán¹³¹ ár. Er þá illa endurgoldið þeim göfuga herra, allra helst guði, ef hatursfult ámæli er aptur goldið.' Þagnaði karl við ræðu slíka og mælti: 'Nokkuð er [í þessu]¹³² hæft, sem kerling segir.' Gríshildur tók sín gömlu verk að sér, að hirða um hjörð föður síns og bú; einnig tók hún sín gömlu klæði, er faðir hennar geymdi,

og klæddist þeim, þegar hún var að útistöfum; þjónaði hún að öllu sem áður fyrri. Fylgdarlið hennar skildi við hana með miklum sorgum og gekk til borgar heim aftur. Bar sig margt af borgarmönnum sem móður sína mist hefði. Allir lofuðu ágæti drotningar og kváðu enga koma henni líka.

IX. kapituli. Þá þrír dagar voru liðnir frá burtför drotningar, kvaddi kóngur Alort sinn stríðshöfðingja fyrir sig og talaði til hans að heyranda hljóði: 'Sendiför er þér til handa skikkuð alt til keisarans fundar, hvers voldugleiki hefur mér tilskrifað og mér boðið þangað og befalað mér kvonfang að sækja. Sjá þú vel fyrir ferðinni, svo hún lukkist þér vel.' Leit kóngur til hans brosandí. Alort játaði þessu glaðlega, því hann vissi, hvað undir bjó þessari ferð. Kóngur bjó hann af stað með forkostulegum gáfum og miklu liði og fékk honum drómund hinn ágætasta, þakinn stáli, með giltum seglum og veðurvitum. Dró nú hershöfðinginn¹³³ þegar af stað, er hann var búinn; hélt¹³⁴ hann leið sína að Vallandi, þaðan til Rómaborgar og fann greifann að máli og húsfrú hans, lét þeim í ljósi sitt erindi, þó heimullegt væri; bjuggu þau nú ferð sína og fóru með honum til [annars lands.¹³⁵ Bíður nú fyrst um ferð þeirra, því frá öðru verður fyr að segja.

Keisari nokkur sat á Grikklandi á þeim dögum, frægur að auð og atgerfi og vel að sér um allar íþróttir. Þann segja fræðibækur Jóhannes heita. Börn átti hann tvö, son og dóttur. Var hans sonur Sigmundur að heiti, en dóttir hans er ei nefnd í þessari sögu. Sá var síður keisaranna á þeim dögum, að á hverju fimtánda ári þeirra ríkisstjórnar vitjuðu þeir landa, kónga og borga þeirra, er þeir skatta af tóku, [ef ei kölluðu oftartil heifarir.¹³⁶ Hafði Jóhannes keisari á því næst fyrirfarandi ári (áður en Gríshildur drotning hafði í burtu vikið frá Valentinus kóngi) norður til Rómaborgar farið, sem keisarar plöguðu að gera alt frá þeim tíma, er biskupstóllinn var staðfestur og dómhús páfans; stefndu þeir öllum sínum lýðkóngum þangað til fundar við sig og páfann. Þaðan meina menn Valentinus kóngur muni bréf keisarans fengið hafa, því hann kom þangað ei, heldur sendi hann með höfðingjum þangað sinn skatt. Stóð sú veizla í sjötíu daga, er Rómaborgarráð og páfinn hélt keisanum og kóngum hans. Var þar á millum drykkuskapur og alsháttuð skemtan framin. Var þangað hinum ágætustu jómfrúm safnað,¹³⁷ þeim er fyrir mönnum dansa kunnu, í tölu hverra var dóttir Valentinus kóngs að forlagi fósturmóður sinnar. Bar hún fríðleik og atgerfi yfir allar þær jómfrúr, er þar voru. Litu margir kóngar og kóngasynir hýrum augum til hennar; var henni mestur sómi boðinn með kveðjum höfðingja og heiðarlegri virðing. Sigmundur, sonur Jóhannes keisara, var að förum með föður sínum; leit hann opt hýrum ástaraugum til jómfrúarinnar Ingilát; var hún þá þrettán vetra að aldri; og er á veizluna tók að liða, jókst syni keisarans jómfrúarinnar vegna þung hugsyki, svo hann hvorki át né drakk, og ei svaf hann. Ekki vissi Jóhannes keisari faðerni jómfrúarinnar Ingilát annað en hún væri rómversk og dóttir greifans. Keisarinn kvaddi til máls við sig hennar foreldra, er hann penkti vera mundu, og mælti til þeirra: 'Er þetta yðar dóttir, er eg sé hér ágætasta að yfirlitum og fríðleika?' En þau sögðu: 'Við okkur hefur hún kend verið og henni höfum við fóstur veitt.' Keisarinn mælti: 'Þér munuð mér hennar þjónustu unna, að hún fari með mér til Grikklands,

því eg á þar dóttur unga, að hún henni til skemtunar og þjónustu sé; eg skal eins til þeirra beggja gera það frekast eg kann, og halda yðar dóttur sem mína.' En þetta gerði keisarinn vegna sonar síns. Hennar foreldrar mæltu: 'Eigi efum vér trúskap yðar og herralegar dygðir í þessu; þér munuð láta son okkar henni fylgja; er honum ei minni sómi og atgerfi gefinn en henni, að hann þjóni yðar herradóm, undir þann heiður og góðvilja, sem þér viljið honum veita.' Var þetta nú bundið með fastmælum á báðar síður, af keisaranum og þeirra hendi, að því tilskildu af greifanum, að hún gæfist engum á þriggja¹³⁸ ára tíma, og að ef nokkur spilti kostum hennar, annar en keisarinn sjálfur, þá skyldi það líf gilda. Þessu játaði keisarinn. Bjuggu þau ferð þeirra það bráðlegasta, og er keisarinn hafði afstaðið sitt erindi, hélt hann til Grikklands aptur. Var jómfurúin Ingilát og hennar bróðir með keisara haldin í mesta eptirlæti. Og er þau til Grikklands komu, skikkaði hann og lét leiða jómfurúna Ingilát í kastala til dóttur sinnar og hélt hana að engu síður. Sonur keisarans og Baldvin voru [jafnir bæði að sess¹³⁹ og samneyti; var þeim næsta vel hvorum til annars, sem bræður væru. Jókst syni keisarans æ meir og meir ást til jómfurúarinnar Ingilát. Baldvin hélt geði sinn í kyrðum; þó skiptust þau ástaraugum dóttir keisarans og hann, þó þar væri minna mark að fyrir mönnum, því hvort geymdi huga sinn heima; voru þau bæði jöfn að ára tölu.

X. kapituli. Þar er nú til að taka, er fyr var frá sagt, að Alort stríðshöfðingi Valentinus kóngrs hélt siglingu sinni til Rómaborgar og fór á fund við greifann og hans frú. Bar hann þeim bréf Valentinus kóngrs; tóku þau allvel hans erindum, því þeim var hið ljósasta um það kunnugt. Hafði greifinn ritað bréf í leyndum og sent Valentinus kóngrum um burtför barna hans til Grikklands. [Bjuggu þau sig með Alort og fóru með honum suður til Grikklands.¹⁴⁰ Sigldi nú hershöfðinginn Alort allrembilega með gullsaumuðum seglum og skínandi veðurvitum og miklum lúðrablæstri, er hann lagði skipinu til hallarinnar að keisarans lægi; stóð hann sjálfur við höfuðsiglu og hélt á ölfuviðargrein í hendi sér. Og er keisarinn spurði þessa hofmanna siglingu, sendi hann höfuðvaktara landsins, þann¹⁴¹ er keisarans merki þar daglega, með fjölda mikils liðs að vitja komumanna, eða hverjir helst þeir væru. Gekk höfðingi komumanna á land með ferð skrautlega, og er þeir hittust, spurði landvörn¹⁴² keisarans komumenn að löndum og nöfnum þeirra. Alort tjáðist að nafni sem var, en sitt föðurland sagði hann Norðymbraland¹⁴³ vera og fyrir þann kóng, er því stýrði, kvaðst hann til Róms sendur verið hafa. Sinn herra kvað hann Sergium¹⁴⁴ að nafni; sagði hann ferð sín hefði aukizt vilja framur til þeirra lands, 'hvers eg mun ljósari grein gera, nær eg hitti herra þessa lands.' Býtti hann landvörn¹⁴⁵ keisarans stórum gáfum; skildu þeir svo með mikilli vináttu. Gengu þeir nú aptur til keisara, er sendir voru. Lét Alort slá upp landtjöldum með miklu skrauti. En er keisarinn spurði tign komumanna, gerðist honum hugsamt, hver vera mundu erindi þeirra framánda manna; ráðgaðist hann við hirð sína, hvort til hallar skyldi bjóða eða innngöngu þeirra sjálfra biða. Ráðinu leizt sæmilegra til hallar að bjóða, því friðmenn¹⁴⁶ væru að landi komnir. Sendi keisarinn sína vildustu ráðgjafa með [sinn keisaralega staf,¹⁴⁷ hvert merki var sem þeir sjálfir kæmu. Og

er þeir komu á fund Alorts, báru þeir honum erindi keisarans með hinu bezta boði til hallarinnar að ganga; þáði hann þetta boð og fylgdi þeim. Greifinn og hans frú voru á skipinu eptir; ei vildi hann láta þau á land fara. Og sem hann kom til hallarinnar, stóð keisari upp í móti honum og kvaddi hann heiðarlega, bauð til sætis að leiða og fylgdarmenn hans; voru þeir alls þrjátíu; þótti sá hópur hinn skrautlegasti. Keisari spurði margra tíðinda, einnig hver hans herra væri og hver trú kendist í hans föðurlandi eður hverra erinda hann væri þangað kominn. En hann sagði satt og vel af sínum herra, trú kristinna manna játaði hann, en umerindi sitt hóf hann svo að ræða: 'Hvorki er eg fyrir vilja minn eða míns herra hingað kominn, sem þér munið sjálfir ráða, nær eg yður hér um ljósara segi. Minn herra Sergius sendi mig til Rómaborgar sér kvonfanga að leita, dóttur eins eðla greifa, þess er hæzta ráð valdstjórnarinnar páfans hafði í Róm. En sem eg þangað kom, bárust mér óvörum þau tíðindi, að þessi jómfú, greifans dóttir, væri hingað í Grikkland komin á yðar náð. Hef eg fengið fult jáyrði af hennar foreldrum og fest hana með tengdum mínum herra, honum til handa, sem eg kann yður ljósast merki að sýna með gerðu riti, ef þér mistrúíð mínum sögnum. Keisarinn kvaðst sjá vilja, hvern sannleik hann fyrir sér hefði. Tók nú Alort upp bréf það, er greifinn hafði sent og las í hákvæði svo látandi: 'Loflegi herra!¹⁴⁸ Dóttur mína, er eg léði yðar náð til þjónustu hef eg játað Alort af Norðymbra¹⁴⁹ hans herra til handa; vonar mig, að þér munið ei hindran gera, því ei er víst að henni muni betri forráð bjóðast. Lífið sælir!' Hann sýndi keisararum innsigli greifans á téðu riti. Keisarann setti hljóðan og mælti: 'Ei hugðum vér, að svo mundi fallið vera, en eigi mun eg fyrir standa foreldraráðum í þessu, því slíkt vildi eg sízt láta mér gera.' Var nú keisarason furðu dapur og upphvatti föður sinn að neita, en keisarinn sagði, að það sómdí ei föðurráð af börnum að brjóta, 'því ei mundi eg það mér gera vilja láta.' Þetta fékk syni keisara stórt hugarangur, svo að hann gleymdi allri kæti; og er Baldvin sá það, kvaddi hann hann til hljóðs við sig; gengu þeir á samtál báðir og mælti svo til hans: 'Lát þig ei hryggja þetta, félagi. Þessu er ei svo varið sem menn hyggja. Valentinus kóngur á Frakklandi er okkar faðir, og er það erindi hans þénara hingað, að heimta okkur nú heim fyrir sig og höfum við uppfóstruð verið hjá greifanum og hans húsfú, sem að er systir föður okkar. En hver hans tilgangur er í þessu, muntu seinna fá að vita, en svo segir hugur minn mér, að ei muni þínum vilja synjað verða, nær fyrir föður vorn kemur, þó með því móti, að mér verði sæmdar unt hjá föður þínum, og mun sannast hið fornkvæða, að forsjál eru hyggindi hæðra¹⁵⁰ manna.' Varð nú keisarason kátur við samtál þeirra. Baldvin bauð honum fátt um að hafa. Gekk hann nú als hugar glaður fyrir föður sinn og kvað ráðlegast, að svo sé gert sem eptir er kallað, 'muntu faðir sýna þína herralegu dygd í útleiðslu þeirra af okkar heimkynni.' Keisari sagði svo vera skyldi, bjó ferð þeirra hið sæmilegasta og tileinkaði jómfúrunni Ingilát þrjár höfuðborgir í eyjunni Salma, og með mörgum öðrum féggjöfum voru þau útleidd af keisarans höllu; fylgdi keisari þeim sjálfur með allri hirðinni allt til strandar. Alort var sæmdur af keisara hendi með virtum og virðing allri; gaf keisari honum hertogakrans, allan gulli lagðan.

Tókust þar viðskilnaðarkveðjur með beztu velferðaróskum á allar síður, og að skilnaði gekk Alort til skips síns og þau systkin, en keisari til hallar aptur. Og er þau voru á skip komin, fundu þau systkin þar fósturfæðgin sín; tókust þar kærleikakveðjur þeirra í milli. Var jómfurú Ingilát mjög óglöð að yfirbragði, því hún þenkti sig þá för fyrir hendi eiga, að hún manni gefast ætti, því ei vissi hún annað sannara. Leysti nú Alort skip sitt upp og sigldi sem byr gaf. Segir nú ekki af honum fleira fyrst.¹⁵¹

XI. kapituli. Frá því er nú að segja, að kóngurinn á Frakklandi, Valentinus, gerðist mjög hugarglaður við hirð sína, lét nú forfaga með miklu skrauti alla turna og herbergi, og stræti borgarinnar þrýða hið veglegasta. Hann heimti til þess bezta kostar af því ágætasta víni, og þeim beztu vistum lét hann svo að safna, að öllum þótti ógnum¹⁵² gegna. Hann sendi um allar áttir Frakklands og bauð öllum höfðingjum og maktarmönnum veizlu að þiggja á sínum garði og lét hann þeim¹⁵³ sín bréf auglýsa, að þetta skyldi viðskilnaðarveizla sín heita, 'hvað mig vonar,' sagði hann, 'að þér munið ei forsmá.' Og er höfðingjar höfðu þessi boð fengið, gáfu þeir sig¹⁵⁴ allir með einum huga til þessarar ferðar, því þeir þenktu þetta satt að vera, að kóngur mundi kenna skamma æfi sinnar lífdaga eptir vera; og komu þeir á vissum tíma, sem kóngur hafði tilsett. Kóngur gekk á móti höfðingjum með hirð sinni á hið vissa stræti og kvaddi þá hið blíðlegasta. Voru þeir með honum til hallar leiddir og sæti skipuð eptir sérhvers heiðri. Var nú kóngur fálátur, en þó blíðlyndur; bauð hann öllum til beztu kosta, sem veita kunni; gáfu nú boðsmenn kóngi allir góðan huga. Var nú veitt af kóngi og drukkið af öllum í þrjá daga. En á hinum fjórða degi var kóngur árla á fótum og hirð hans öll og höfðingjarnir, er komnir voru. Varð nú mönnum til hafs litið; sáu þeir skip að landi koma, hvert er mjög skrautlegt var að öllum tilbúningi. Vissi kóngur þetta vera sinn sendimann. Gekk af skipum mikill fjöldi manna með tignarlegri ferð og var landtjöldum upp slegið á einu stræti. Kóngur lét strax forgyltan vagn tilreiða og settist þar sjálfur á. Höfðingjar margir fylgdu honum af sínum eigin vilja; og svo margir, sem til komust, sátu sína vagna skrautlega tilbúna. Var sú för mjög herraleg, er kóngur sótti leið til sjáfarstranda. Og sem hann kom þar, gekk Alort mjög skrautlegur [með hirð sinni¹⁵⁵ á móti kóngi; næst honum greifinn Sergius¹⁵⁶ og hans húsfrú; leiddu þau bæði systkinin sitt við hverja hönd. Og er boðsmenn og hirð kóngs sáu þau systkini, urðu þeir mjög víðeygðir, svo enginn gáði annars en að horfa á andlitsfegurð þeirra systkina, svo hverjum varð að orði við annan, að ei mundi þvílík fæðast að fríðleik og sóma. Ei vissu þeir hátt eða máta á þessu fólki, eður hverju gegna skyldi um þvílíkt kóngs háttalag. Hafði kóngur látið með sér færa einn vagn, þann er hinum var betri. Á þann sama bauð hann þessa ungu jómfurú að leiða með hennar foreldrum, en þann unga svein Baldvin kvaddi hann til sætis hjá sjálfum sér. Alort hafði og einn vagn tilbúinn. Lét nú kóngur snúa vögnum til borgar aptur; tókst sú heimför með mesta veraldar eptirlæti og skemtun; tíðkuðust þar þau hljóðfæri, er nefna mátti. Og er kóngur kom til borgar, leiddi hann sjálfur greifann og hans húsfrú og þeirra börn til sætis. Alort hélt sæti í óæðra öndvegi. Kóngsins hinum hirðmönnum og boðsmönnum voru

skikkuð sæti eptir verðugleikum. Og er allir voru nú til sætis komnir, hóf kóngur ræðu á þenna hátt: 'Kærir vinir og undirgefnir þjónar! Mér hefur lengi angursamt verið síðan yðar tilleitni skeði mér til handa, hversu mín ektaráðs framkvæmd skeði ykkur til óvildar og misþóknunar, en mér til margra geðrauna, þeirrar þó ekki sízt, að eg hlaut mína ektadrotningu Gríshildi í burtu að láta; hefði yður mátt betur líka. Eg þóttist brjóst mitt rannsakað hafa, hvort fjærri mundi guðs ráði mín upptök verið hafa, og ei gekk [eg] án andvörpunar fram í sögðu efni. En þér gerðust mér fráhorfnir og metnaðarfullir og gerðuð yðar metnað að einum kóng í minn stað. Þetta vitið þér sjálfir, að eg hef með polinmæði umborið og engan brest vera látið á mínum góðvilja til ykkar, og það þó meira, er eg hef leitast aðra drotningu mér að fá, af göfugum keisara og kónga ættum komna, sem þér sjáið hér komna og sitjandi í vorri höllu. Eruð þér því hingað boðnir, að þér mína brúðkaupshátið haldið; eru þar allir velkomnir, sem vilja þiggja, [hinir hafa leyfi burt að halda, sem ei þiggja vilja.¹⁵⁷ En mig vonar, að þér munuð ei optlega mig forsmá héðan af.' Höfðingjar mæltu með stórrí hugarkæti: 'Vel verði kóngs ráði og lukku fái hans hagar!' Varð nú stór gleði á allri hirðinni. Jómfrúin Ingilát gerðist mjög sorglát, því henni sýndist sinn herra mjög gamall og ellilegur, því að hann var allur af hærum hvítur og mjög að burðum hniginn. Hafði hann hálfan níunda tug ára sinna. Og er bróðir hennar sá hana óglaða, beiddist hann leyfis af kóngi við hana að mæla. Sagði kóngur svo vera skyldi. En hann kvaddi hana til hljóðs við sig. Sagði Baldvin henni alt hið sanna um faðerni þeirra og alt kóngs áform, en hún gerðist hugarglöð; fylgdi hann henni svo til sætis aptur. Mikill fögnuður var nú í allra brjósti, sem vissu og vita fengu um kóngs ráðahag, og ei var þeim um annað tíðara að tala sín á milli en þá gæfu, sem þeir sögðu landinu veitast í þessu efni, því þeir meintu þetta dóttur keisarans. Var þá brullaups tilreiðing í þann mesta máta í þrjá daga. Var kóngur hinn blíflyndasti. En er hinn fjórði dagur hefst, sem var drottinsdagur, var kóngur árla á fótum; kvaddi hann borgmeistarann á tal við sig og mælti við hann, segjandi: 'Kantu að sjá mér fyrir þeim manni, hvort það er heldur karlmaður eða kona, sem góða greind hefur brauð að brjóta og borðverk að halda brullaupsgestum mínum, svo sómi megi að þykja?' En borgmeistariinn kvaðst engan vita þann, er hentugri væri til slíkra verka en Gríshildur, því þó marga hefði hann forstönduga séð þess verks kunnendur, þá hefði hún þó ein af öllum borið bæði ráð, forsjállegleika, siðgæði og polinmæði, 'en þér munuð henni ei slíka ofraun gera hana hingað að kalla.' Kóngur mælti: 'Reyna mun eg til um mannprýði¹⁵⁸ hennar, og satt mælir þú þetta um Gríshildi, og skaltu bráðlega ferðast í hennar föðurhús, og segja henni vilja vorn og það hún komi án dvalar; og skaltu svo ferð þinni tilreiða, að þú það fljótasta aptur komir.' Borgmeistariinn gerði svo sem kóngur fyrirsagði, og sté á gott ess og lét annað laust við sína síðu¹⁵⁹ meðhlaupa og reið mjög skyndilega alt að bygðum Gríshildar og hennar foreldra. Var þá Gríshildur á fætur komin um síns föður hús að hirða; og er hún vita fékk komu þeirra manna, er frá kóngi sendir voru, gekk hún á þeirra fund. Tókust þar blífustu kveðjur af beggja hendi, því borgmeistariinn hafði stærsta kærleika á henni. Sagði

hann henni sitt erindi, það að kóngur beiddi hana heim til borgar að koma. Hún mælti: 'Hvað mun kóngur vilja, að eg skuli gera?' Hann mælti: 'Það þú gangir fyrir gestum hans í brullaupinu.' Gríshildur brosti að og mælti: 'Nú¹⁶⁰ ætlar kóngur vor að gipta sig. Margar mun hann mér betur kunnandi til þess embættis kjósa mega, en þjóna skal eg kóngrs vilja í þessu, og án dvalar skal eg koma; en fyrst hlýt eg foreldra mína að kveðja og láta þau vita burtför mína.' Gekk hún síðan í hús föður síns og sagði foreldrum sínum af erindi kóngrsmanna. Faðir hennar spurði: 'Ætlar þú að [vera það antæli að snáfa¹⁶¹ pangað aptur? Þóttist þú ekki nógu lengi þreyta þar andstreymið?' Kerling stygðist við og mælti: 'Seinast lætur þú geðið. Góðs ættum við kóngrí að unna, af hans höfum við mestir menn orðið.' Karl pagnaði við. Kerling bauð dóttur sinni klæði, því hún var af þeim auðug orðin, en Gríshildur vildi það ei þiggja og kvaðst lengur hafa sínum klæðum haldið. Hún kvaddi foreldra sína, en karl mælti til apturkomu hennar hið fljótasta. Hún sagði svo vera skyldi. Gekk hún með glöðu bragði úr síns föður húsi og til kóngrsmanna. Höfu þeir hana í söðulinn á essið og riðu það fljótasta að borginni. Og er þau voru pangað komin, tók borgarlýðurinn við henni Gríshildi með kærleika. Borgmeistarinn gekk fyrir kóngr og kvaddi hann. Kóngrur spurði, hvort Gríshildur hefði í hans ferð verið, en hann sagði svo vera og hana þar komna. Kóngrur hafði nú öllu skikkað að sætum og síðalagi eptir venju brúðkaupsaðgerða; biðu allir í góðri von og með glöðum huga eptir þess framkvæmd. Kóngrur laut að smásveinum sínum og mælti til þeirra hljóðlega: 'Kallið Gríshildi fyrir mig hingað!' En þeir gerðu svo. Og er hún fekk þessi boð kóngrsins, stansaði hana við lítið, og tjáði sig auma og ekki hæfilega inn að ganga fyrir svo göfugt fólk. Margar velbornar konur buðu henni klæði sín, en hún kvaðst sinn sóma ekki meira virða, því hún sagðist vera það hún væri, hvort hún væri betur klædd eður ei. Fylgdi hún nú kóngrsveinum allt í kóngrshöllu, og er hoffólkið sá hana, leit það mjög áminnilega til hennar, svo það gáði nú einskis annars, því flestir þektu hana ei, og ei vissu þeir, hverju þessi ósýn gegna mundi. En hún kvaddi kóngr og boðsmenn alla sæmilega. Kóngrur mælti til hennar: 'Ei lætur þú af góðvilja þínum og hlýðni við mig, að þú ert hingað komin. Hér máttu nú líta jómrúna, sem eg hef þér áður af sagt og mér er af guði gefin. Mun þér virðast, að guð hafi vel með mig farið og herra keisariinn.' 'Skyldugt væri mér það að jata,' sagði hún, 'og það léttir á hugraunum yðar og höfðingjanna í þessu landi, því nú er ei við fátækt mína að sturlast. En nokkuð vil eg segja yður, herra kóngrur. Þótt það hún sé af keisarans ættum komin, þá munuð þér verða henni að pyrma við slíkri reynslu, sem þér hafið mér sýnt. Þar um vil eg yður beðið hafa, að þér gerið yðar heiðri ei þá óvirðing, því vita munuð þér mega, að yðar kóngrlega heiðri mun hætt vera við stórum ófrægðum hjá hennar herralegum ættmönnum og öllum þeim, er yður vel vilja.' Allir undruðust geðþrýði Gríshildar og hennar skynsemi. Vildi hún síðan í burt ganga og kvaddi kóngr og hirð alla með glöðu bragði. Kóngrur bað hana enn litla stund að dvelja. Kóngrur sté ofan úr hásetinu, gekk til Gríshildar og lagði sína hægri hönd um hennar herðar, mintist við hana og mælti: 'Þú ert ein hin allra kærasta mínu

hjarta og sú elskulegasta drotning, sem mér er af guði gefin. Sjá þú nú þau tvö börn, sem hér eru og guð hefur okkur gefið,' og hann bauð þeim báðum að koma til móður sinnar. Sonur kóngs gerði svo sem hans faðir beiddi, en jómfrúna Ingilát leiddu höfðingskvinnur þangað. Gríshildi stansaði mjög á þessu, svo tár runnu af kinnum hennar, og ei kvaðst hún vita, hverju gegna mundi, því hún trúði enn eigi. Líka voru þau systkini stórlega furðandi á því, hvar fyrir faðir þeirra hefði svo auðvirðilega móður útvalið og þangað kallað. Þá gekk Baldvin að móður sinni og sagði: 'Svo hefur mér verið sagt, að eg sé af þínu lífi fæddur og systir mín, og trúi eg það muni sannindi vera.' Kóngur bauð þeim við hana að minnast og þau gerðu svo. En svo mikill stans varð á öllu boðsfólkinu og hirðinni, að hver glápti á annan áminnilegum augum. Kóngur bauð þeim systkinum og hinum göfugustu höfðingskvinnum að fylgja Gríshildi í það herbergi, er hún hafði til forna haldið, og lét klæða hana þeim dýrmætustu klæðum og ærúpingum, hver miklu ágætari voru en þau hún hafði fyrri borið. Var hún síðan aptur til hallar leidd í þessu skarti. Þótti öllum þá miklu umskipta um ásýnd hennar; leiddu börn hennar hana aptur að kóngssæti. Kóngur tók á móti henni og setti hana sér til hægri handar. Kvaddi hann Alort til máls við sig og óskaði bréfa sinna. Alort sagði ljóst fyrir öllum hið sanna af greindu efni og fékk kóngi bréfin í hendur; voru þau lesin öll. Greifinn og hans húsfrú [gáfu þessu sannryði,¹⁶³ svo þar urðu allir að trúa og líka þótti vitugum mönnum börnin vera líking móður sinnar, sérdeilis jómfrúna Ingilát. Kóngur mælti: 'Ekki er hér eptir brúðarmálum að bíða heldur brúðkaupskost að þiggja, hvað eg geri vegna óvirðingar þeirrar, sem eg poldi ykkur forðum. En svari mér hinir vitugustu, hvort þér hefðuð kunnað mér þvílíka að kjósa af herramanna ættum, sem þvílíkar hefði dygðir í brjósti borið sem Gríshildur?'¹⁶³ Þessu neituðu allir með einum munni og beiddust náðar af kóngi og polinmæði. Kóngur mælti: '[Vorkun mun eg yfir ykkur hafa og þess sannsýnilega gæta, að þið munuð vera holdlega sinnaðir, svo sem flestir menn í heiminum hafa verið, þeir veraldarinnar hefð og ríkidæmi meira akta en góðar dygðir, og þeir allfæstir verið, sem þær hafa kunnað að sjá undir fátæktar álitu.'¹⁶⁴ En hér gefst ljós sannleiki, að guðs dómur og mannanna eru næsta ólíkir.' Allir kváðu það satt vera, sem kóngur mælti, og sú skynsemi veitist ei öllum. Fengu nú höfðingjar allir kærleika til drotningar og töluðu hver í annars eyru, að góðs ávaxtar von væri af góðu tré. Staðfestist henni þetta nafn af öllum með ærnum féggjöfum, að hún skyldi Gríshildur hin góða kallast. Var nú kóngs brullaup haldið af öllum maktarmönnum með mestum góðvilja. Bauð kóngur syni sínum að fara með vagna og fylgdarlið mikið að sækja móðurfeðgin sín; en hann gerði svo. Og er þau voru til borgar komin, skikkaði kóngur þeim setuherbergi til íbúðar, lét þau forkostulega klæða og fékk þeim göfuga menn til þenustu um brullaupstímann. Að veizlu þrotinni leiddust höfðingjar út með sæmdum, en fátækt fólk með ólmusugjöfum. Kóngur talaði að skilnaði til höfðingja: 'Ei munuð þér láta Gríshildi drotningu gjalda minna aðgerða eður sinnar fátæktar eptir minn dag.' En þeir kváðu hana annars verða. Lofuðu allir með fastmælum henni kærleik að veita bæði að kóngi lífs og liðnum; og báðu honum allra

virta að viðskilnaði. Enginn þóttist nóglega hrósað geta vizku og for-sjálleika kóns sem og líka ásýnd og geðgæðum drotningar. Reið svo hver til sinna heimkynna. Gerðist í nálægum löndum viðfrægt um þetta. Dáðust kóngar allir að snilli Valentinus kóns og kváðu hann föður kónganna heita mega. Alort páði af kónginum í þakklætislaun það ágætasta jarlsdæmi. Lifði kongur eftir þetta í tuttugu ár og deyði síðan í góðri elli. Tók sonur hans Baldvin konungdóm eftir hann og fékk sér til drotningar dóttur keisarans í Grikklandi, sem fyr var um getið, en sonur keisarans eignaðist systur hans Ingilát, og varð hún drotning á Grikklandi og segist margt göfugra manna af henni komið. Gríshildur drotning lifði allengi eftir fráfall Valentinus kóns og enti sitt líf með þeim bezta orðstír. Gerðu höfðingjar henni framliðinni þá minning, að þeir létu bílæti hennar upp setja í sínum setuhúsum. Og endar svo sögu þessa af Gríshildi hinni góðu.

NOTES. ¹⁾ Valtinus A, also sometimes Valentinus; Valintinus BC; Valentinus PS.- and MJ.-rimur; BC have also konungur, while A has kóngur. ²⁾ B; framsýni AC. ³⁾ Þá var hans úrskurður í allri lögsögn hinn ríktugasti, er menn til hans leituðu C. ⁴⁾ Thus always A and PS; Remundur BC and MJ. ⁵⁾ jarls BC. ⁶⁾ vizku BC. ⁷⁾ sín með eiðmælum BC. ⁸⁾ slitnu þinginu BC. ⁹⁾ í Frankaríki BC. ¹⁰⁾ eða BC. ¹¹⁾ B; sá AC. ¹²⁾ C; en með því eg hef innsigli allra landshöfðingja upp á mitt erindi, sem þér sjálfir sjáið, upp á þessa auðmjúku bón og viðleitni AB. ¹³⁾ veizlunni BC. ¹⁴⁾ Not in BC or the rimur. ¹⁵⁾ ógjarna ABC; ör sem heyra ógjarnan af þér vildi rómus um dyr PS. ¹⁶⁾ B; munuð vera í þessu efni A. ¹⁷⁾ eiðkvæði B. ¹⁸⁾ Not in BC. ¹⁹⁾ er þau litu, kom í stans; lét kóngur þeim síðan kaup greiða B. ²⁰⁾ bezt hæfa mundi er mætti A; sómdi og allri líkamsprýði hæfa mætti BC. ²¹⁾ Not in BC. ²²⁾ er þeir kjósa vildu B. ²³⁾ sníða B. ²⁴⁾ skínandi skarlati, silki og purpura og allur skautalagður gulli BC. ²⁵⁾ sem kunnir og voru mjög glaðir og biðu vongóðir BC; A has: þreyðu í stórrí gleðivon. ²⁶⁾ dýrmætustu herbergi og stræti B. ²⁷⁾ er ágætar voru B. ²⁸⁾ í gjöfum eða greiðslu B. ²⁹⁾ þurftu B. ³⁰⁾ En það var kónsölmusa B. ³¹⁾ grimmir og grályndir B. ³²⁾ Hanuculs A; BC have no name here; Haníkúlus PS. ³³⁾ kunnir sig B. ³⁴⁾ lýsti B; keyrði C. ³⁵⁾ B; annari A. ³⁶⁾ geðfurðu B and PS. ³⁷⁾ oss drotna B. ³⁸⁾ karlsins elli móðs B; Haniculi karls C. ³⁹⁾ Bygð karlsins var mjög kof[alleg að rjáfri og ei voru þar fagrir veðurvitar á anddyrum B. ⁴⁰⁾ Not in BC; Þóttust kóns ei sveinar sjá, þó sjón ei spari, að gæfist hún að hugarfari PS. ⁴¹⁾ brjóst B. ⁴²⁾ nýlenda A; tíðindi B. ⁴³⁾ mála B. ⁴⁴⁾ kristinna manna BC; kristinna og landsins lögum PS. ⁴⁵⁾ einlægt og hugkvæmt B. ⁴⁶⁾ BC; hreystimanna A. ⁴⁷⁾ BC add: Gríshildur mælti: Öfgar bera til; PS: En bera öggvar [!], mey nam inna. ⁴⁸⁾ Bauð B. ⁴⁹⁾ [s]teinn BC. ⁵⁰⁾ BC; Óttasleginn A. ⁵¹⁾ B; yðar A. ⁵²⁾ B; yðar A. ⁵³⁾ brúnun B. ⁵⁴⁾ B. ⁵⁵⁾ skal í allan máta óskert BC. ⁵⁶⁾ heimska B; fífiska PS. ⁵⁷⁾ fávizku okkar á fjöll upp bera BC. ⁵⁸⁾ grefsöm B; óhreinn C; grafsöm PS. ⁵⁹⁾ fullum ektaskaparmálum þér og dóttur þinni BC. ⁶⁰⁾ Þér er að enda, þá biðið er að lofa B; Eftir er að enda, þá biðið er að lofa C. ⁶¹⁾ ásettu ráði B; illum vilja C. ⁶²⁾ þínum heimanmundi eða trygðagáfu C. ⁶³⁾ C. ⁶⁴⁾ Here ends chap. v. in B. ⁶⁵⁾ setta gulli og gimsteinum BC. ⁶⁶⁾ klæða A. ⁶⁷⁾ umsjónarmann BC. ⁶⁸⁾ Here ends chap. vi. in B. ⁶⁹⁾ BC; þeim A. ⁷⁰⁾ BC. ⁷¹⁾ sig BC. ⁷²⁾ A only. ⁷³⁾ Not in BC. ⁷⁴⁾ lund B. ⁷⁵⁾ bera B. ⁷⁶⁾ samferli alt í beztu kærleikum B. ⁷⁷⁾ B; barnsburði A. ⁷⁸⁾ B. ⁷⁹⁾ Not in BC. ⁸⁰⁾ kóngur BC; fína veizlu fólki' án ama foldin tvíanna hélt með sama PS. ⁸¹⁾ þá drotning mikinn kærleika til kóns B. ⁸²⁾ í kirkjugöngu B. ⁸³⁾ yfirlæti B. ⁸⁴⁾ meðgöngu A. ⁸⁵⁾ að barnið sé

lífið en eitt yðar hár sé skert BC. ⁸⁶) ráðsettan B. ⁸⁷) PS also Alort; BC and MJ have Alrot. ⁸⁸) neyða mig B. ⁸⁹) BC; vill A. ⁹⁰) boðin B. ⁹¹) [hann] hafði við hann skilið B. ⁹²) og Remundur mun slíku mæta af höfðingjum BC. ⁹³) Not in BC. ⁹⁴) Greifi er þar nokkur BC. ⁹⁵) til reisutímans B. ⁹⁶) teigði B. ⁹⁷) um barnið í B. ⁹⁸) BC; kæmist A. ⁹⁹) greifakonan B. ¹⁰⁰) samráða B. ¹⁰¹) B. ¹⁰²) geðraun B. ¹⁰³) sinni sínu B. ¹⁰⁴) ákveðnum B. ¹⁰⁵) B; ágætt að yfirlitum á að líta A. ¹⁰⁶) dygðum og polinnmæði B. ¹⁰⁷) elskuð B. ¹⁰⁸) í daglegu umgengni og lét alt eptir henni að daglegum vilja BC. ¹⁰⁹) átjándá BC. ¹¹⁰) B; neinu A. ¹¹¹) drotningar A; henni BC. ¹¹²) BC; til minnar sakar A. ¹¹³) fátækt B. ¹¹⁴) Not in BC. ¹¹⁵) átján BC. ¹¹⁶) fánýtrar B. ¹¹⁷) sveinar BC, PS. ¹¹⁸) B; sómir A. ¹¹⁹) B continues: þá eg afklæðist drotningarskrúðanum. ¹²⁰) margur lýður B. ¹²¹) reynslu B. ¹²²) Not in BC. ¹²³) B. ¹²⁴) BC; guðs réttisýni A. ¹²⁵) B; heilsan A. ¹²⁶) fylgdarmenn B. ¹²⁷) heimskur dóni BC. ¹²⁸) átján BC. ¹²⁹) B; afstóð A. ¹³⁰) BC; aldrei (?) A. ¹³¹) átján BC. ¹³²) B; til þessa A. ¹³³) B; höfðinginn A. ¹³⁴) B; gekk A. ¹³⁵) Grikklands B. ¹³⁶) og kölluðu til herfarar B. ¹³⁷) boðið BC. ¹³⁸) átta B. ¹³⁹) BC; jafnan báðir að sæng og samneyti A. ¹⁴⁰) B; not in A. ¹⁴¹) sá AB. ¹⁴²) foringi B. ¹⁴³) Norðmandía BC. (This confusion of Northumberland and Normandy occurs in other sagas, e.g., Ambrosius saga og Rósamundu: 'Í Norðumbralandi, er nú liggur undir Frakklandi'; cf. Ward, Catal. of Romances, I. 868.) ¹⁴⁴) Serium A. ¹⁴⁵) landsvörð B. ¹⁴⁶) ferðamenn B. ¹⁴⁷) sitt keisaralega flagg B. ¹⁴⁸) Yður loflegi herra A. ¹⁴⁹) Thus ABC. ¹⁵⁰) B wrongly: lærðra. ¹⁵¹) að sinni B. ¹⁵²) furðu B. ¹⁵³) B, PS; þau A. ¹⁵⁴) A adds: ei. ¹⁵⁵) Thus ABC; Alort móti öðling gekk, sem eg vil greina, skarti báinn skýfir fleina PS. ¹⁵⁶) Sergio A. ¹⁵⁷) B, not in A. ¹⁵⁸) manndygð PS; kvennprýði B. ¹⁵⁹) B; hönd A. ¹⁶⁰) Enn B. ¹⁶¹) verða slíkt athlægi að fara B, PS. ¹⁶²) játuðu þetta sannindi B. ¹⁶³) A adds here in parentheses: hér er nú sem vitanlegt er áður. ¹⁶⁴) Not in BC.

Sagan af Gríshildi góðu.¹

Einu sinni var kóngur í ríki sínu og átti hvorki konu né börn. Vildar-mönnum hans þótti það miður fara, að hann hugsað ekki betur fyrir ríkinu en svo, að ætt hans dæi út með honum og að hann ætti engan réttborinn ríkiserfingja. Þeir töluðu oft um þetta við kóng; en hann eyddi því jafnan fyrir þeim. Einn góðan veðurdag lét kóngur söðla 20 hesta, 10 handa karlmönnum og 10 handa konum, og á einn þeirra lét hann leggja kvenn-söðul allan logagyltan. Fóru þá hirðmeyjar kóngs að tala um það, hver þeirra mundi nú njóta þeirrar upphéðar, að fá að ríða í gullna söðlinum, og vildu allar verða fyrir því, og þóttist hver um sig vera þess maklegust. En þetta fór öðruvísi en þær ætluðu; kóngur lét enga þeirra ríða þeim hesti, sem gylti söðullinn var á, en 9 þeirra lét hann ríða hinum söðul-hestunum, og 9 valdi hann af vildismönnum sínum, og lét þá ríða með sér og hirðmeyjunum, en hesturinn með gylta söðlinum var teymdur laus með reiðmönnum. Enginn vissi, hvert kóngur ætlaði, og enginn vildi spyrja hann þess. Þegar reiðfólkið kom nokkuð frá borginni, sá það, að kóngur stefndi út á skóg. Reið það svo lengi og réð kóngur ferðinni. Loksins kom hann að húsabæ einum; þar nam hann og öll fylgd hans staðar. Kóngur drap á dyr og kom þar út stúlka óvenju fríð og fögur. Hann spurði hana að heiti og hverra manna hún væri; sagðist hún heita Gríshildur og vera dóttir hjónanna þar í kotinu; væri faðir sinn karlægur, en móðir sín nokkru ernari. Kóngur sagðist hafa erindi við þau, og bað Gríshildur hann þá að ganga inn. Kóngur gerði svo, heilsaði þeim karli og kerlingu, og sagðist vera kominn þess erindis að biðja dóttur þeirra. Þau tóku því mjög fjarri og þó einkum karlinn, og sagði, að kóngur vildi gabba sig hruman og karlægan, og víst mundi hann finna aðrar konur, sem honum fyndist sér meira jafnræði í annarstaðar en dóttur sína, kotkarlsins, og sagði, að þess væri ekki leitandi við sig, því þó hann vildi gefa honum dóttur sína, mundi honum innan skams þykja lítið til hennar koma og líklega reka hana frá sér með skömm. Kóngur firtist þessum ummælum karls, og lézt mundi hafa vald til að taka dóttur hans að honum fornspurðum, ef hann kynni sér ekki betur hóf í svörum en svo. Kerling var öll auðunnari, og vildi mýkja málin fyrir karlinn, og bað kóng að erfa ekki ummæli manns síns, því hann væri armæddur af elliburðum, sem legðust svo þungt á hann, og gætti þess vegna ekki ávalt að stýra tungu sinni. Kerling lagði þá að karli, að taka öllum málum kóngs vel og blíðlega og sagði, að þeim væri það til vegs og sóma, ef kóngur ætti dóttur þeirra, þó hann aldrei nema ræki hana bráðum frá sér aftur eftir nokkurn tíma liðinn. Fór þá svo fyrir umtölur kerlingar, að þau karl föstnuðu kóngi Gríshildi. Meðan þetta gerðist inni, var Gríshildur úti; en þegar kóngur kom út, bað hann hana að stíga á bak hestinum með gylta söðlinum. Hún spyr, hvað það eigi að þýða, og sagði kóngur henni þá, hvernig komið var. Það datt ofan yfir Gríshildi og þótti þessu heldur fljótráðið, en kóngur sagði, að hér væri

¹) Jón Árnason : Íslenzkar þjóðsögur og æfintýri. II. b. 1864. pp. 414-417.

ekkert orð framar um að ræða, því ef hún vildi ekki fara með góðu, mundi hann láta hafa hana burtu með sér með valdi. Síðan fór Gríshildur inn og kvaddi foreldra sína grátandi, og báðu þau vel fyrir henni, og fór hún svo heim með kóngi og hirðfólki hans. Eftir það hélt kóngur brúðkaup sitt til hennar, og tókust með þeim góðar ástir. Hirðmenn kóngs undu því illa, að hann hafði tekið sér drotningu af svo lágum stigum, og reyndu til með öllu móti að spilla kóngi við hana; en annað gátu þeir ekki fundið henni til, því hún virtist hverjum manni vel. Af þessum umtölum hirðmanna sinna varð kóngur fálátari við drotningu, enda var hann einrænn í lund. Liðu nú fram tímar til jafnlengdar; tekur þá drotning jónsótt og elur barn; það var meyja undurfríð og eptirmyndin hennar móður sinnar. Kóngur segir, að drotning skuli hafa barnið hjá sér, sér til ánægju, og gæta þess vel. En eptir nokkurn tíma sendir hann einn af vildarmönnum sínum til drotningar, og skipar honum að taka frá henni barnið og gá að, hvort henni bregði nokkuð. Maðurinn fer og þó nauðugur, og tekur barnið. Drotning bað hann að láta barnið vera. En hann sagði, að kóngur hefði boðið sér að taka það. Urðu það þá úrræði drotningar, að hún grét hástöfum; en maðurinn fór með barnið til kóngs og kom hann því í fóstur hjá frænda sínum einum eða föðurbróður. Ekki þorði drotning að kvarta um þessa meðferð við kóng, enda spurði hann aldrei eftir barninu, en að því spurði hann vildarmann sinn, hvernig drotningu hefði orðið við barnsmissinn. Að ári liðnu hér frá fæddi drotning son, frítt barn og gæfulegt, og sagði kóngur þá eins og áður, að hún skyldi hafa hann hjá sér, sér til ánægju. En skamt leið frá því hún var frísk, þangað til kóngur sendi mann eftir sveininum og lét taka hann frá drotningu, eins og dóttur þeirra áður. En svo illa sem drotning barst af áður eftir dótturmissinn, undi hún þó enn ver sonarmissinum, og grét sáran, þegar hann var borinn burtu. Alt þetta var sagt kóngi, en hann gaf sig ekkert að því, og lét skömmu síðar kalla drotningu fyrir sig. Þegar hún kom, sagði hann henni að sýna sér börn þeirra. Við það ýfðust enn upp harmar hennar, svo hún flóði öll í tárur og sagði, að börnin hefðu verið tekin frá sér eftir hans undirlagi, svo að hún gæti ekki sýnt honum þau, og mætti hann bezta vita, hvað um þau væri orðið. Kóngur brást reiður við þetta og spurði, hvort hún dirfðist að bæta því ofan á barnamorðið, því myrt hefði hún þau, að ljúga því upp á sig, að hann hefði hlutast til, að börnin væru tekin frá henni, og frelsa sig með því. Varð hann þá hamslaus af bræði og skipaði drotningu að snauta burtu og koma aldrei fyrir sín augu oftar; sagði, að hún hefði unnið til þess, að hún væri drepin. Síðan fór Gríshildur úr kóngsríki, óhuggandi af harmi og sorg, og heim til foreldra sinna í húsabæinn á skógunum, og jók það ekki lítið á harma hennar, að karlinn, faðir hennar, tók henni illa, og sagði, að hún hefði átt erindið til kóngsins, eins og sig hefði grunað, að búa saman við hann tvö ár, og verða svo rekin burt með skómm. Kerling var öll mildari við Gríshildi og hafði af fyrir henni með öllu, sem hún gat. Var svo Gríshildur hjá karli og kerlingu hin næstu sextán ár og þjónaði þeim af trú og dygd. Þegar þau ár voru liðin, gerði kóngur það bert, að hann ætlaði að kvongast í annað sinn, og hafði fengið sér undurfríða mey fyrir drotningarefni. Einn dag sendir hann menn út á skóg í húsabæinn til

peirra Gríshildar. Báru þeir henni kveðju kóns og þá orðsending, að hann beiddi hana að gera það fyrir sig að koma heim í kónsríki, og vera forgangskona við matreiðslu í brúðkaupi sínu, sem hann ætlaði að halda sama daginn. Hún var lengi treg til þess, en foreldrar hennar þó enn tregari. En þó fór svo, að hún fór heim í kónsríki; var svo haldið brúðkaupið og gekk Gríshildur fyrir beina, og þótti henni fara það af mikilli snild og skörungskap, en ekki sinti hún neinu öðru en því, sem hún átti að vinna. Um kvöldið, þegar menn gengu til náða, og kóngur vill til hvílu sinnar með nýju drotningunni, segir hann Gríshildi, að taka lítið kertisskar, kveikja á því, halda því á gómum sér og fylgja þeim hjónum til hvílu. Gríshildur gerir svo, og lýsir þeim, meðan þau háttu; fer svo hin nýja drotning fyrst upp í hvíluna, en kóngur var að háttu. Var þá skarið, sem Gríshildur hélt á, svo brunnið, að það logaði á berum gómunum, svo kóngur spyr, hvort hún brenni sig ekki. Gríshildur segir: 'Sárt brenna gómarnir, en sárara brennur hjartað', og tárfeldi um leið. Þá poldi kóngur ekki lengur að horfa á hana, svo að hann stendur upp og segir: 'Nú mun eg lengja nafn þitt héðan af, og kalla þig Gríshildi góðu. Eg hefi nú reynt góðlyndi þitt og þolinmæði til hlítar með öllu því, sem fram við þig hefir komið; enn þessi kona, sem eg lézt ætla að taka mér fyrir drotningu, er raunar dóttir okkar; er hún ígildi þitt og eptirmyndin í öllu, og sonur okkar er hér einnig kominn, mannvænlegasti maður og líklegur til góðs höfðingja. Sé það nú jafnt þinn vilji, sem minn, þá ertu ein drotning mín og engin önnur.' Eftir það umföðmuðu þau hvort annað, og bað kóngur Gríshildi drotningu með mörgum orðum fyrirgefningar. Síðan settist hún að ríkjum með honum, og var mjög ástúðlegt með þeim til dauðadags. Sonur þeirra tók ríki eftir föður sinn og varð þar kóngur yfir, en gipti systur sína kóngssyni úr öðru landi; og lýkur hér að segja af Gríshildi góðu.

PERIODICAL

•

**PERIODICAL
THIS DOES NOT CIRCULATE**



3 0000 121 038 263